# ÁRSSKÝRSLA 2014 - 2016

## BORÐTENNISSAMBAND ÍSLANDS

# Ágæta borðtennisfólk

Þegar litið er til baka síðastliðin tvö ár, þá er margs að minnast. Hæst bera að nefna Smáþjóðaleika, en þeir heppnuðust einstaklega vel. Með sameiginlegu átaki ÍSÍ, BTÍ og Gerflor, tókst að fá alþjóðlegt keppnisgólf í tæka tíð. Og bjóða þannig upp á fyrirmyndar aðstöðu sem sómir sér hvar sem er í heiminum. Vil ég nota tækifærið og þakka hlutaðeigandi fyrir skjót viðbrögð i þessu máli. Eins viljum við þakka Reykjavíkurborg fyrir afnot af nýjum Butterfly borðum og keppnisbúnaði.

Arctic mótið gengur vel, okkar íþróttafólk fór til Grænlands í fyrra og í ár hófst ný umferð með keppni hér í Reykjavik. Það hefur sýnt sig að þetta mót er góður vettvangur fyrir okkar landsliðsfólk. Leikirnir hafa verið jafnir og spennandi og verðlaun hafa því dreifst á milli landa. Á síðstliðnum mótum ber hæst árangur Kofinnu Bjarnadóttur en hún hefur sigrað í einstaklingskeppni í kvennaflokki nú 2 ár í röð.

Efling og útbreiðsla íþróttarinnar hefur ávallt verið mér hugleikið. Góður árangur hefur áunnist sérstaklega á Norðurlandi og ber að þakka hann Sigurði Eiríkssyni UMF Samherja og Starra Heiðmarssyni UMF Æskunni. Samherji hefur komið á frábærri aðstöðu í Hrafnagili og hafa þar verið haldin mót sem hafa þótt takast vel, m.a. unglingamót þar sem vaskur hópur að sunnan mætti til leiks. Vonandi er þetta aðeins byrjunin á öflugu mótshaldi norðan heiða. Sigurður Eiríksson fékk einnig Bjarna Bjarnason til að halda þjálfaranámskeið fyrir áhugasama þjálfara.

Það er nauðsynlegt að koma á þekkingu til þjálfunar á hverjum stað svo íþróttin nái að þróa sig áfram. Fyrsta árið var haldið Norðurlandsmót liða, þar sem náðist góð þátttaka, var áhveðið að á næsta tímabili yrði sú deild hluti af Íslandmótinu og kölluð 2 deild Norður. Tvö efstu liðin i deildinni léku til úrslita gegn tveim efstu liðunum að sunnan og fór úrslitakeppnin fram fyrir norðan um sæti i fyrstu deild og sigur í 2 deild.

Ég tel að þessi árangur sýni okkur það að þetta er hægt og við þurfum bara að koma fleiri stöðum í gang. Í vor mættum við Bjarni til Egilsstaða og héldum námskeið sem ég tel að þurfi að fylgja eftir og stefna að sambærilegri uppbyggingu og á Norðurlandi.

Alþjóðlegt dómaranámskeið fór fram hér landi og fengum við til liðs við okkur Paul Schiltz alþjóðadómara. Námskeiðið var haldið sérstaklega til að undirbúa dómara okkar fyrir Smáþjóðaleikana. Í vor komu svo prófgögn frá Alþjóðasambandinu og var haldið próf í húsnæði ÍSÍ en Árni Siemsen sá um framkvæmd á þvi. Prófið var sennilega erfiðara en margur hélt, en við fengum 1 nýjan alþjóðadómara úr þvi prófi, Hannes Guðrúnarson. Alþjóðadómarar eru því orðnir tveir sem eru virkir, Hannes og Árni Siemsen en það er nauðsynlegt að við höldum áfram að fjölga í dómarahópi okkar i framtíðinni.

Ég hef tekið þá ákvörðun að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu sem formaður sambandsins, en ég hef verið meira og minna viðloðandi formannsstarfið síðan 1994. Það gleður mig að í gegnum tíðina hef ég komið að ýmsum breytingum, svo sem styrkleikalista, Grand Prix mótaröðinni og unglingamótaröðinni, ásamt Arctic mótinu svo eitthvað sé nefnt. Ný stjórn mun taka við öflugu og sívaxandi sambandi. Ég óska nýrri stjórn velfarnaðar og vona að henni takist vel að útbreiða og efla íþróttina enn frekar. Einnig þakka samstarfsmönnum mínu í stjórninni fyrir samstarfið á tímabilinu og Bjarna Bjarnasyni fyrir vel unnin störf við námskeiðshald á vegum sambandsins.

Sigurður V. Sverrisson

Formaður BTÍ

Contents

Dagskrá þingsins ........ 5
Norður- Evrópumótið 2016 ........ 6
Norður-Evrópumót Unglinga ........ 6
Norður-Evrópumót fullorðina ........ 9
Arctic mótið 2016 ........ 10
Bikarkeppni BTÍ 2016 ........ 12
Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2015-2016 ........ 12
1.deild karla & kvenna ........ 12
2. deild ........ 14
Lokamót Grand Prix 2016 ........ 14
Lokamót unglingamótaraðar BTÍ ........ 15
Íslandsmót 2016 ........ 17
Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna ........ 17
Íslandsmót Fullorðinna ........ 18
Íslandsmót unlinga ........ 22
Flokkakeppni unglinga ........ 27
Welsh Euro Challenge ........ 29
Dómara námskeið ........ 30
Borðtennisfólk 2015 ........ 30
Evrópumeistaramót unglinga 2015 ........ 30
Keppnistímabil 2014-2015 ........ 31
SmáÞjóðleikarnir 2015 ........ 32
Dagur 1 ........ 32
Dagur 2 ........ 33
Dagur 3 ........ 34
Dagur 4 ........ 35
Dagur 5 ........ 35
Arctic mótið 2015 ........ 36
Íslandsmeistara mótið í liðakeppni 2014-2015 ........ 37
1.Deild karla & kvenna ........ 37
2.deild ........ 38
Nýr unglingalandsliðsþjálfari ........ 38
Nýr landsliðsþjálfari ........ 38
Lokamót Grand Prix 2015 ........ 38
Íslandsmót 2015 ........ 39

Íslandsmót fullorðina ........ 39
Flokkakeppni unglinga ........ 39
Lokamót Grand Prix 2015 ........ 40
Bikarkeppni félaga 2015 ........ 40
Evrópumótið í Portúgal ........ 40
Dómara námskeið ........ 40
Borðtennisfólk 2014 ........ 40

# Stjórn BTÍ

**Formaður**
Sigurður Valur Sverrisson
**Varaformaður**
Ingimar Ingimarsson
**Ritari**
Hlöðver Steini Hlöðversson
**Gjaldkeri**
Matthías Stephensen
**Meðstjórnandi**
Halldór Haralz
**varamenn**
Tómas Ingi Shelton

# Þingfulltrúar

| | Fjöldi iðkenda | fjöldi þingfulltrúa |
|---|---|---|
| Akur | 30 | 3 |
| BH | 45 | 3 |
| Dímon | 102 | 5 |
| Garpur | 20 | 2 |
| HK | 21 | 2 |
| ÍFR | 13 | 2 |
| KR | 131 | 5 |
| Nes | 1 | 2 |
| Ungmd. Eyfellingar | 5 | 2 |
| Ungmf. Hekla | 17 | 2 |
| Ungmf. Hraunamanna | 2 | 2 |
| Ungmf. Samherjar | 20 | 2 |
| Ungmf. Skeiðamanna | 1 | 2 |
| Ungf. Æskan | 7 | 2 |
| Víkingur | 68 | 4 |
| Örninn | 7 | 2 |
| Ösp | 1 | 0 |
| Vantar upplýsingar | 1 | 0 |

## Dagskrá þingsins

Samkvæmt 8. grein laga BTÍ eru störf borðtennisþings þessi:

1. Þingsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfest lögmæti fundarins.
4. Kosning kjörbréfanefndar.
5. Fundargerð síðasta þings.
6. Afhending viðurkenninga.
7. Ávörp gesta.
8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
9. Reikningar sambandsins lagðir fram (með áliti skoðunarmanna).
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
11. Reikningar bornir undir atkvæði.
12. Fjárhagsáætlun.
13. Lagabreytingar.
14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
15. Kosning stjórnar og varamanna.
16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
17. Kosnir 3 menn í borðtennisdómstól og 3 til vara.
18. Val fulltrúa á íþróttaþing.
19. Önnur mál.
20. Ávarp formanns.
21. Þingslit.

## Norður- Evrópumótið 2016

## Norður-Evrópumót Unglinga




Norður-Evrópumót unglinga fór fram í Haapsalu í Eistlandi helgian 24.-26. júní. Ísland sendi fjögur lið á mótið. Liðið ferðist með flugi til Helsinki og tók ferju til Tallinn og þaðan landleiðina til Haapsalu. Þetta var langt og strangt ferðalag og sat ferðaþreytan nokkuð í okkar fólki. Auk þess var mjög heitt og rakt í höllinni, nokkuð sem okkar leikmenn eiga ekki að venjast. Þrátt fyrir það unnu allir okkar leikmenn lotu og nokkrir leikir unnust. Eina landsleikinn gegn annarri þjóð vann drengjaliðið, sem lagði Finnland-II í leik um 7. sætið.

<u>Liðakeppni</u>

**Drengir 16-18 ára**

- Ísland – Noregur-I 0-3
- Ísland – Eistland 0-3
- Ísland – Finnland-II 1-3
- Ísland tapaði fyrir Finnlandi-I 0-3 í leik um sæti 5-8.
- Ísland sigraði Finnland-II í leik um sæti 7-8 og hafnaði í 7. sæti en liðin höfðu líka mæst í riðlinum.

Litháen sigraði í flokknum.

**Meyjar 15 ára og yngri**

- Ísland – Finnland 0-3
- Ísland – Eistland-I 0-3
- Ísland tapaði fyrir Danmörku 0-3 í leik um sæti 5-7 og hafnaði í 7. sæti

Noregur-I sigraði í flokknum.

**Sveinar 15 ára og yngri**

- Ísland-I – Finnland 0-3
- Ísland-I – Danmörk-II 0-3
- Ísland-II – Eistland-I 0-3
- Ísland-II – Danmörk-I 0-3
- Ísland-I tapaði fyrir Litháen-I 0-3 í keppni um sæti 9-12
- Ísland-II tapaði fyrir Lettlandi 0-3 í keppni um sæti 9-12
- Ísland-I og Ísland-II léku um 11. sæti og sigraði Ísland-II 3-2

Svíþjóð sigraði í flokknum.

Einstaklingskeppnin á Norður-Evrópumótinu fór fram 25.-26. júní. Breki Þórðarson náði bestum árangri Íslendinganna en hann varð í 14. sæti í drengjaflokki. Magnús Jóhann Hjartarson varð í 19. sæti og Magnús Gauti Úlfarsson í því 20. Mótið í ár var sterkara en síðast þegar Ísland sendi lið en það fer í reynslubankann hjá leikmönnum.

Hinn norsk-íslenski Borgar Haug, sem keppir fyrir Noreg, sigraði í flokki sveina 15 ára og yngri.

**Drengir 16-18 ára**

- Breki Þórðarson – Aaro Öismets 1-3
- Breki Þórðarson – Mathias Ojala 3-0
- Breki Þórðarson – Sondre Berner 0-3
- Breki Þórðarson – Eduards Spagis 3-0 (leikur um 13.-16. sæti)
- Breki Þórðarson – Aaro Öismets 0-3 (leikur um 13. sæti)
- Breki hafnar því í 14. sæti.
- Magnús Gauti Úlfarsson – Aaro Öismets 0-3
- Magnús Gauti Úlfarsson – Mathias Ojala 1-3
- Magnús Gauti Úlfarsson – Andrejs Cemirtans 3-2 (leikur um sæti 17-24)
- Magnús Gauti Úlfarsson – Veeti Valasti 1-3 (leikur um sæti 17-20)
- Magnús Gauti Úlfarsson – Magnús Jóhann Hjartarson 0-3 (leikur um sæti 19-20)
- Magnús Gauti lýkur keppni í 20. sæti.
- Magnús Jóhann Hjartarson – Tatu Pitkänen 0-3
- Magnús Jóhann Hjartarson – Mikkel Gudmundsen 1-3
- Magnús Jóhann Hjartarson – Rainer Valo 3-1 (leikur um sæti 17-24)
- Magnús Jóhann Hjartarson – Rudolfs Bergmanis (leikur um sæti 17-20 sem Magnús tapaði)
- Magnús Jóhann Hjartarson – Magnús Gauti Úlfarsson 3-0 (leikur um sæti 19-20)
- Magnús Jóhann hafnar í 19. sæti.

**Meyjar 15 ára og yngri**

- Stella Karen Kristjánsdóttir – Mina Driverklepp 0-3
- Stella Karen Kristjánsdóttir – Tereza Tabea Druvina 0-3
- Stella Karen Kristjánsdóttir – Mie Schou Salhauge 0-3 (leikið um sæti 13-16)
- Stella Karen Kristjánsdóttir – Kaarina Saarialho 1-3 (leikið um sæti 15-16)
- Stella lýkur því keppni í 16. sæti.
- Sveina Rósa Sigurðardóttir – Diana Afasjeva 0-3
- Sveina Rósa Sigurðardóttir – Mie Schou Salhauge w.o. (Sveina þurfti að gefa leikinn)
- Sveina Rósa Sigurðardóttir – Þórunn Ásta Árnadóttir w.o. (Þórunn gaf leikinn vegna veikinda) (leikur um 17-19 sæti.
- Sveina Rósa Sigurðardóttir – Hille Millert 0-3 (leikið um sæti 17-18)
- Sveina hafnar í 18. sæti.
- Þórunn Ásta Árnadóttir – Adelina Zulfukarova 0-3
- Þórunn Ásta Árnadóttir – Tereza Tabea Druvina 0-3
- Þórunn Ásta Árnadóttir – Sveina Rósa Sigurðardóttir w.o. (Þórunn gaf leikinn vegna veikinda) (leikur um 17-19 sæti.
- Þórunn hafnar í 19. sæti.

**Sveinar 15 ára og yngri**

- Ellert Kristján Georgsson – Emil Lynge Sorensen 0-3
- Ellert Kristján Georgsson – Madis Moos 1-3
- Ellert Kristján Georgsson – Karl A. Claesson 2-3 (leikur um sæti 25-30)
- Ellert Kristján Georgsson – Ísak Indriði Unnarsson 1-3 (leikur um sæti 29-30)
- Ellert hafnar í 30. sæti.
- Ingi Brjánsson – Stanislav Strogov 0-3
- Ingi Brjánsson – Karl A. Claesson 3-1

- Ingi Brjánsson – Madis Moos 1-3 (leikur um sæti 17-24)
- Ingi Brjánsson – Denis Vasiljevs (leikur um sæti 21-24)
- Ingi Brjánsson – Kári Ármannsson 1-3 (leikur um sæti 23-24)
- Ingi hafnar í sæti 24.
- Ingi Darvis Rodriquez – Robert Klingspor Mattson 0-3
- Ingi Darvis Rodriquez – Daniels Kogans 1-3
- Ingi Darvis Rodriquez – Ísak Indriði Unnarsson 3-2 (leikur um sæti 25-30)
- Ingi Darvis Rodriquez – Jóhannes Kári Yngvason 3-0 (leikur um sæti 25-28)
- Ingi Darvis Rodriquez – Ken Talpas-Taltsepp 0-3 (leikur um sæti 25-26)
- Ingi Darvis Rodriquez lýkur keppni í 26. sæti
- Ísak Indriði Unnarsson – Emil Friis Hansen 0-3
- Ísak Indriði Unnarsson – Mikael Ingibrigtsen 0-3
- Ísak Indriði Unnarsson – Ingi Darvis Rodriquez 2-3 (leikur um sæti 25-30)
- Ísak Indriði Unnarsson – Ellert Kristján Georgsson 3-1 (leikur um sæti 29-30)
- Ísak lýkur keppni í 29. sæti.
- Jóhannes Kári Yngvason – Noah Steif 0-3
- Jóhannes Kári Yngvason – Elegius Klarenbeek 0-3
- Jóhannes Kári Yngvason – Ingi Darvis Rodriquez 0-3 (leikur um sæti 25-28)
- Jóhannes Kári Yngvason – Karl A. Claesson 1-3 (leikur um sæti 27-28)
- Jóhannes Kári lýkur keppni í 28. sæti.
- Karl A. Claesson – Erik Eng 0-3
- Karl A. Claesson – Ingi Brjánsson 1-3
- Karl A. Claesson – Ellert Kristján Georgsson 3-2 (leikur um sæti 25-32)
- Karl A. Claesson – Ken Talpas-Taltsepp 0-3 (leikur um sæti 25-28)
- Karl A. Claesson – Jóhannes Kári Yngvason 3-1 (leikur um sæti 27-28)
- Karl verður í 27. sæti.
- Kári Ármannsson – Alexander Sonderby Hansen 0-3
- Kári Ármannsson – Aartu Pihkala 0-3
- Kári Ármannsson – Elegius Klarenbeek 2-3 (leikur um sæti 17-24)
- Kári Ármannsson – Daniels Kogans 2-3 (leikur um sæti 21-24)
- Kári Ármannsson – Ingi Brjánsson 3-1 (leikur um sæti 23-24)
- Kári verður í 23. sæti.

## Norður-Evrópumót fullorðina



Íslensku landsliðin töpuðu leikjum sínum í liðakeppninni á Norður-Evrópumótinu í borðtennis í dag. Karlaliðið tapaði 1-3 fyrir Grænlandi og 1-3 fyrir Lettlandi en 0-3 fyrir Svíþjóð. Magnús Gauti Úlfarsson vann sinn leik gegn Paul Petersen frá Grænlandi og Kári Ármannsson vann sinn leik gegn Lettlandi. Í báðum tilfellum léku þeir sem þriðji maður í liðinu.

Kvennaliðið tapaði öllum sínum leikjum 0-3, gegn Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Aðeins vannst ein lota en hana vann Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir gegn Noregi, þar sem hún lék sem þriðji maður.

Úrslitin í liðakeppninni ráðast laugardaginn 21. maí. Þá keppa íslensku leikmennirnir einnig í einstaklingsgreinum.

<u>Úrslit úr einstökum leikjum íslensku liðanna</u>

**Karlar**

**Ísland – Grænland 1-3**

1. Magnús Jóhann Hjartarson – Ivik Nielsen 0-3 (8-11, 3-11, 3-11) **0-1**
2. Kári Ármannsson – Aqqalu Nielsen 0-3 (4-11, 4-11, 7-11) **0-2**
3. Magnús Gauti Úlfarsson – Poul Petersen 3-0 (11-5, 16-14, 11-8) **1-2**
4. Magnús Jóhann Hjartarson – Aqqalu Nielsen 2-3 (11-8, 6-11, 11-8, 5-11, 9-11) **1-3**

**Ísland – Lettland 1-3**

1. Magnús Jóhann Hjartarson – Leonids Maslovs 0-3 (8-11, 5-11, 3-11) **0-1**
2. Magnús Gauti Úlfarsson – Olegs Kartuzovs 0-3 (5-11, 3-11, 7-11) **0-2**
3. Kári Ármannsson – Gints Eimans 3-1 (11-13, 13-11, 14-12, 11-7) **1-2**
4. Magnús Jóhann Hjartarson – Olegs Kartuzovs 0-3 (2-11, 3-11, 8-11) **1-3**

**Svíþjóð – Ísland 3-0**

1. Jonas Stener – Magnús Gauti Úlfarsson 3-0 (11-4, 11-4, 11-5) **1-0**
2. Simon Berglund – Kári Ármannsson 3-0 (11-4, 11-3, 11-3) **2-0**
3. Oscar Perman – Magnús Jóhann Hjartarson 3-0 (11-8, 11-2, 11-9) **3-0**

**Konur**

**Ísland – Danmörk 0-3**

1. Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir – Stefanie Christensen 0-3 (4-11, 5-11, 7-11) **0-1**
2. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir – Nicoline Kofoed 0-3 (6-11, 7-11, 4-11) **0-2**
3. Berglind Ósk Sigurjónsdóttir – Sofie Egeholt 0-3 (2-11, 4-11, 5-11) **0-3**

**Finnland – Ísland 3-0**

1. Annika Lundström – Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir 3-0 (11-4, 11-6, 11-6) **1-0**
2. Anna Kirichenko – Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir 3-0 (11-7, 11-8, 11-4) **2-0**
3. WO
4. Annika Lundström – Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir 3-0 (11-9, 11-5, 11-4) **3-0**

**Noregur – Ísland 3-0**

1. Sarah Horgen – Berglind Ósk Sigurjónsdóttir 3-0 (11-8, 11-4, 11-3) **1-0**
2. Maja Haugen Gjelle – Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir 3-0 (11-8, 11-7, 11-4) **2-0**
3. Rebecca Carlsen – Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir 3-1 (11-9, 11-6, 13-15, 11-4) **3-0**

**Svíþjóð – Ísland 3-0**

1. Tilda Johanson – Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir 3-0 (11-5, 11-4, 11-3) **1-0**
2. Erika Fronth – Berglind Ósk Sigurjónsdóttir 3-0 (11-3, 11-4, 11-4) **2-0**
3. Jennifer Jonsson – Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir 3-0 (11-8, 11-1, 11-0) **3-0**

Íslensku leikmennirnir töpuðu öllum leikjum sínum í einstaklingskeppni Norður-Evrópumótsins í borðtennis í Osló í dag. Íslensku leikmönnunum tókst ekki að vinna lotu í dag. Lið Íslands á mótinu var óvenju ungt, og Sigrún Ebba, fædd 1995, næstelst í liðinu. Þetta mót fer í reynslubankann hjá leikmönnunum.

Leikið var til úrslita í liðakeppni í dag og urðu Svíar Norður-Evrópumeistarar bæði í liðakeppni karla og kvenna. Þá var leikið að undanúrslitum í einstaklingskeppni en leikið verður til úrslita 22. maí.

<u>Úrslit úr leikjum Íslendinga 21. maí</u>

**Tvenndarleikur**

- Kári Ármannsson/Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir – Fredrik Meringdal/Ilka Doval, Noregi 0-3 (10-12, 2-11, 4-11)
- Magnús Jóhann Hjartarson/Berglind Ósk Sigurjónsdóttir – Leonids Maslovs/Stefanie Christensen, Lettland/Danmörk 0-3 (8-11, 8-11, 7-11)
- Magnús Gauti Úlfarsson/Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir – Adrian Wetzel/Rebecca Carlsen, Noregi 0-3 (7-11, 1-11, 9-11)

**Einliðaleikur karla**

- Magnús Jóhann Hjartarson – Marcus Wærstad, Noregi 0-4 (8-11, 8-11, 6-11, 8-11)
- Kári Ármannsson – Adrian Wetzel, Noregi 0-4 (2-11, 7-11, 2-11, 7-11)
- Magnús Gauti Úlfarsson – Magnus Bolstad Holm, Noregi 0-4 (4-11, 6-11, 6-11, 11-13)

**Einliðaleikur kvenna**

- Berglind Ósk Sigurjónsdóttir – Anne Sophie Kalvatn, Noregi 0-4 (4-11, 7-11, 1-11, 4-11)
- Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir – Sarah Horgen, Noregi 0-4 (5-11, 2-11, 2-11, 1-11)
- Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir – Annika Lundström, Finnlandi 0-4 (6-11, 5-11, 2-11, 5-11)

**Tvíliðaleikur karla**

- Magnús Jóhann Hjartarson/Magnús Gauti Úlfarsson – Andreas Dilling/Kaspar Rasmussen, Danmörku 0-3 (7-11, 1-11, 9-11)

**Tvíliðaleikur kvenna**

- Berglind Ósk Sigurjónsdóttir/Jannika Oksanen, Finnlandi – Stefanie Christensen/Sofie Egeholt, Danmörku 0-3 (3-11, 8-11, 10-12)
- Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir/Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir – Sarah Horgen/Nora Bagner Nielsen, Noregi 0-3 (8-11, 8-11, 5-11)

## Arctic mótið 2016

A-lið Íslands sigraði í kvennaflokki á Arctic open mótinu, sem fram fór í TBR-húsinu um hvítasunnuna. Ísland-A vann alla leiki sína í dag, Færeyjar höfnuðu í 2. sæti, Grænland í 3. sæti og Ísland-B í 4. sæti. A-lið Íslands skipa Aldís Rún Lárusdóttir, Guðrún G Björnsdóttir og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir en B-liðið Berglind Ósk Sigurjónsdóttir, Bergrún Linda Björgvinsdóttir og Eyrún Elíasdóttir.




A-lið karla frá Íslandi, skipað Breka Þórðarsyni, Daða Frey Guðmundssyni og Pétri Gunnarssyni, hafnaði í 2. sæti eftir 2-3 tap í úrslitum fyrir A-liði Grænlands. Í undanúrslitum mættust Ísland-A og Ísland-B og vann Ísland-A 3-0. Ísland-B, skipað Birgi Ívarssyni, Kára Ármannssyni, Magnúsi Jóhanni Hjartarsyni og Magnúsi Gauta Úlfarssyni, hafnaði því í 3.-4. sæti, sem og A-lið Færeyja. C-

lið Íslands varð í 3. sæti í sínum riðli, og komst ekki í undanúrslit. Með liðinu léku Björn Gunnarsson, Ingi Darvis Rodriquez, Sindri Þór Sigurðsson og Skúli Gunnarsson.



Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir sigraði í einliðaleik kvenna á Arctic open mótinu í TBR-húsinu í dag. Kolfinna sigraði Duritu Jensen frá Færeyjum 4-2 (11-9, 11-7, 7-11, 11-7, 8-11, 11-6) í úrslitaleik. Kolfinna varði því titilinn sem hún vann á mótinu í Nuuk í fyrra. Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún G Björnsdóttir höfnuðu í 3.-4. sæti. Aldís tapaði 2-4 fyrir Kolfinnu í undanúrslitum og Guðrún tapaði 2-4 fyrir Duritu.

Kári Ármannsson og Sindri Þór Sigurðsson höfnuðu í 2. sæti í tvíliðaleik karla eftir 0-3 (9-11, 15-17, 12-14) tap gegn Aqqalu og Ivik Nielsen frá Grænlandi. Ísland átti bæði bronspörin, Daða Frey Guðmundsson og Magnús Finn Magnússon, og Magnús Gauta Úlfarsson og Magnús Jóhann Hjartarson.

Daði Freyr Guðmundsson og Guðrún G Björnsdóttir urðu önnur í tvenndarleik en þau töpuðu fyrir Ivik Nielsen og Melissu Larsen í úrslitaleik 2-3 (11-5, 9-11, 9-11, 11-9, 3-11).

Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún G Björnsdóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna á Arctic mótinu í borðtennis, sem lauk í TBR-húsinu í dag. Þær lögðu grænlenska parið Rosa-Marie Petersen og Bodil-Mona Fredriksen 3-2 (12-10. 11-8, 6-11, 9-11, 11-9) í æsispennandi úrslitaleik. Aldís og Guðrún voru undir 4-9 í oddalotunni en skoruðu sjö síðustu stigin og sigruðu 11-9. Aldís og Guðrún lögðu Bergrúnu Lindu Björgvinsdóttur og Kolfinnu Bergþóru Bjarnadóttur í undanúrslitum, svo þær síðarnefndu fengu bronsverðlaun.

Daði Freyr Guðmundsson hafnaði í 2. sæti í einliðaleik karla, eftir 0-4 (10-12, 6-11, 8-11, 3-11) tap gegn Ivik Nielsen frá Grænlandi. Ivik varði þar með titilinn sem hann vann í fyrra. Ivik vann alla sína leiki í einliðaleik 4-0 og hann tapaði heldur ekki leik í liðakeppninni. Hann er tvímælalaust maður mótsins, þar sem hann vann fjögur gullverðlaun, í einliðaleik, tvíliðaleik ásamt bróður sínum Aqqalu, tvenndarleik með Melissu Laren og í liðakeppni með Grænlandi-A.



## Bikarkeppni BTÍ 2016



Bikarkeppni BTÍ fór fram í TBR-Íþróttahúsinu sunnudaginn 17. apríl 2016. 8 lið voru skráð til keppni. Úrslitaleikinn léku lið KR 1 og Víkings B þar sem lið KR 1 sigraði 4 – 2.

**Úrslitaleikur – Leikskýrsla:**
**Víkingur B – KR 1: 2 – 4**

Magnús Finnur Magnússon – Skúli Gunnarsson 3-11, 9-11, 11-9, 11-9, 11-9 1 – 0
Kristján Jónasson – Breki Þórðarson 8-11, 14-16, 11-9 og 10-12 1 – 1
Berglind Ósk Sigurjónsdóttir – Guðrún G Björnsdóttir 8-11, 4-11 og 8-11 1 – 2
Magnús/Kristján – Skúli/Breki 16-14, 11-5, 11-6 2 – 2
Magnús/Berglind – Skúli/Guðrún 8-11, 3-11, 9-11 2 – 3
Magnús – Breki 11-5, 5-11, 0-11, 5-11 **2 – 4**

## Íslandsmeistaramótið í liðakeppni 2015-2016
## 1.deild karla & kvenna



Úrslitakeppnin í 1. Deild karla var æsispennandi. Fyrstu leikirnir í undanúrslitum í úrslitakeppni í 1. deild karla í borðtennis fóru fram í TBR-húsinu 4. apríl. Báðir leikir voru æsispennandi og lauk báðum 4-3. Vîkingur-A vann KR-C 4-3 og Víkingur-C vann HK 4-3. Oddaleikir munu fara fram á föstudaginn 8. apríl í báðum undanúrslitaleikjunum í 1. deild karla í borðtennis eftir að KR-B lagði deildarmeistara Víkings-A 4-1 í Íþróttahúsi Hagaskóla og HK sigraði Víking-C 4-2 í Íþróttahúsi Snælandsskóla. Oddaleikir undanúrslita í 1. deild karla fóru fram í TBR-Íþróttahúsinu föstudaginn 8. apríl 2016. Lið Víkings-A sigraði lið KR-B 4–1 og lið Víkings-C sigraði lið HK 4–2. Það eru því Víkingur-A og Víkingur-C sem leika til úrslita í 1. deild karla 18.-22. apríl.

Í úrslitum mættust því lið Víkings A og Víkings C. Fyrsti leikurinn endaði með 4-0 sigr Víkings A. Leikur tvö endaði með 4-1 sigri Víkings C og því var spilaður oddaleikur. Víkingur-A sigraði Víking-C 4-1 í oddaleik í úrslitakeppni 1. deildar karla í TBR-húsinu í kvöld eftir hörkuskemmtilega leiki. Víkingur-A er því Íslandsmeistari í 1. deild karla fimmta árið í röð, jafnframt því að vera deildarmeistarar 2015-2016. Liðið skipuðu Daði Freyr Guðmundsson, Magnús Finnur Magnússon og Magnús Jóhann Hjartarson.

Víkingur-A og KR-A mættust í fyrsta leiknum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna í TBR-húsinu í dag. Leiknum lauk með 3-1 sigri KR kvenna, sem þar töpuðu sínum fyrsta einstaka leik í deildinni í vetur. Það var Berglind Ósk Sigurjónsdóttir sem vann Íslandsmeistarann Guðrúnu G Björnsdóttur, og var það jafnframt fyrsti leikurinn sem Guðrún tapar í vetur fyrir íslenskri konu.



A-lið KR varð Íslandsmeistari í 1. deild kvenna annað árið í röð, eftir 3-0 sigur á A-liði Víkings í Íþróttahúsi Hagaskóla. Þetta var annar leikurinn í úrslitakeppni liðanna. Berglind Ósk Sigurjónsdóttir og Eyrún Elíasdóttir léku fyrir Víking en Aldís Rún Lárusdóttir og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir fyrir KR, en auk þeirra voru Ásta M. Urbancic og Guðrún G Björnsdóttir í liðinu í vetur.

A-lið Víkings varð deildarmeistari í 1. deild karla 2015-2016 með fullt hús stiga, 20 stig. Liðið skipuðu Daði Freyr Guðmundsson, Magnús Finnur Magnússon og Magnús Jóhann Hjartarson.

C-lið Víkings varð í 2. sæti með 14 stig. Liðið skipuðu Arnór Gauti Helgason, Ársæll Aðalsteinsson, Davíð Teitsson, Óli Páll Geirsson og Tryggvi Áki Pétursson.

Lið HK (Bjarni Þorgeir Bjarnason, Björn Gunnarsson, Brynjólfur Þórisson og Csanád Forgács-Bálint) varð í 3. sæti með 12 stig.

KR-B (Ellert Kristján Georgsson, Ingi Brjánsson, Karl A. Claesson, Kári Ármannsson, Kári Mímisson, Pétur Gunnarsson, Skúli Gunnarsson og Taiju Hirohara) hafnaði í 4. sæti með 8 stig.

KR-A varð í 5. sæti með 6 stig og leikur aukaleik við liðið í 2. sæti 2. deildar um sæti í 1. deild að ári. Liðið skipuðu Breki Þórðarson, Hlöðver Steini Hlöðversson og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson.

Víkingur-B rak svo lestina með ekkert stig og fellur í 2. deild. Með liðinu léku Daníel Bergmann Ásmundsson, Erlendur Guðmundsson, Guðmundur Atli Pálmason, Hjörtur Magni Jóhannsson, Kristján A. Jónasson, Sindri Þór Sigurðarson og Stefán Birkisson.

A-lið KR varð deildarmeistari í 1. deild kvenna 2015-2016 með fullt hús stiga, en liðið vann alla leiki sína 3-0 og hefur því leikjahlutfallið 30-0 eftir deildarkeppnina. Liðið skipuðu Aldís Rún Lárusdóttir, Ásta M. Urbancic, Guðrún G Björnsdóttir og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir.

A-lið Víkings varð í 2. sæti með 16 stig. Liðið skipuðu Berglind Ósk Sigurjónsdóttir og Eyrún Elíasdóttir.

Þrjú lið voru jöfn að stigum í 3.-5. sæti með 8 stig. HK (Hrefna Namfa Finnsdóttir og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir) hreppti 3. sætið með hagstæðasta hlutfall unninna og tapaðra leikja (14-18, 0,78), KR-B (Ársól Arnardóttir, Guðbjörg Liv Margrétardóttir, Karitas Ármannsdóttir, Lilja Liv Margrétardóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir) hafnaði í 4. sæti (13-18, 0,72) og Víkingur-B (Stella Karen Kristjánsdóttir og Þórunn Ásta Árnadóttir) í 5. sæti (12-19, 0,63). C-lið KR (Guðrún Ólafsdóttir, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir og Þóra Þórisdóttir) rak svo lestina með ekkert stig.

## 2. deild



Í 2. Deild var sú breyting gerð að stofnuð var norðurlandsdeild. Þá voru komnir tveir riðlar í 2. Deild, einn fyrir norðan og annar á höfuðborgarsvæðnu. Tvö efstu liðin úr riðlunum myndu svo mætast í úrslitakeppni um sæti í 1. Deild karla.

Í 2. Deild karla voru alls 12 lið skráð til keppni, sex í Norðurlandadeildinni, Þrjú lið voru frá Akri, tvö frá Samherja og eitt frá Æskunni. Sex lið voru í suðurdeildinni, BH var með tvö lið, KR tvö og Víkingur tvö.

BH-A, sem sigraði í suðurriðli 2. deildar, mætti Samherjum-B, sem höfnuðu í 2. sæti norðurriðils í undanúrslitum, og sigraði BH-A örugglega 4-0. Akur-A, sem sigraði í norðurriðli, tapaði 1-4 fyrir Víkingi-D, sem varð í 2. sæti suðurriðils.



BH-A sigraði í 2. deild karla í úrslitakeppninni, sem fram fór í Glerárskóla á Akureyri í dag. Liðið lagði Víking-D 4-1 í úrslitum. BH-A leikur því í aftur 1. deild á næsta ári eftir árs veru í 2. deild.

KR-A sigraði Víking-D 4-3 í háspennuleik um sæti í 1. deild á næsta keppnistímabili í TBR-húsinu í kvöld. Úrslitin réðust í oddalotu í 7. og síðasta leiknum þegar Hlöðver Steini Hlöðversson lagði Ísak Indriða Unnarsson. KR verður því með tvö lið í 1. deild karla á næsta ári, Víkingur tvö lið og BH og HK með sitt hvort liðið.

## Lokamót Grand Prix 2016

Lokamót Grand Prix mótaraðar BTÍ 2015-2016 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu laugardaginn 16. apríl 2016.



Í karlaflokki í undanúrslitum lék Daði Freyr Guðmundsson Víkingi gegn Csanád Forgács-Bálint HK þar sem Daði sigraði 4 – 0 (11-6, 12-10, 11-6, 11-6). Í hinum undanúrslitaleiknum lék Magnús Gauti Úlfarsson BH gegn Magnúsi Jóhanni Hjartarsyni Víkingi þar sem Magnús Gauti sigraði 4 – 0 (11-9, 13-11, 11-7 og 12-10).

Úrslitaleikinn lék því Daði gegn Magnúsi Gauta þar sem Daði sigraði eftir skemmtilega viðureign 4 – 1 (9-11, 11-9, 12-10, 11-9 og 12-10).

Í kvennaflokki í undanúrslitum lék Aldís Rún Lárusdóttir KR gegn Stellu K. Kristjánsdóttur Víkingi, þar sem Aldís sigraði 4-0 (11-5, 11-2, 11-2 og 11-5). Í hinum undanúrslitaleiknum lék Guðrún G Björnsdóttir KR gegn Sigrúnu Tómasdóttur KR þar sem Guðrún sigraði 4 – 1 ( 14-12, 8-11, 12-10, 11-6 og 12-10).



Úrslitaleikinn lék því Guðrún gegn Aldísi. Um hörkuskemmtilegan og spennandi leik var að ræða þar sem Guðrún sigraði að lokum í oddalotu 4 – 3 (11-4, 11-9, 9-11, 11-4, 8-11, 6-11 og 12-10).

**Úrslit í kvennaflokki:**

1. **Guðrún G Björnsdóttir KR**
2. Aldís Rún Lárusdóttir KR

3-4. Stella Karen Kristjánsdóttir Víkingur

3-4. Sigrún Ebba Tómasdóttir KR

**Úrslit í karlaflokki:**

1. **Daði Freyr Guðmundsson Víkingur**
2. Magnús Gauti Úlfarsson BH

3-4. Magnús Jóhann Hjartarson Víkingur

3-4. Csanád Forgács-Bálint HK

## Lokamót unglingamótaraðar BTÍ

Átta stigahæstu unglingunum að loknum unglingamótum vetrarins í hverjum fjögurra aldursflokka drengja og stúlkna var boðið á lokamót unglingamótaraðar Borðtennissambands Íslands, sem fram fór í TBR-húsinu 16. apríl. Listann yfir átta stigahæstu leikmennina í hverjum flokki má sjá í frétt frá 11. apríl. Ekki komust allir sem boðnir voru á mótið og í nokkrum tilfellum komu varamenn inn í þeirra stað.

Ársól Arnardóttir, KR; Eiríkur Logi Gunnarsson, KR; Karitas Ármannsdóttir, KR; Kári Ármannsson, KR; Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR; Magnús Gauti Úlfarsson, BH; Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi og Þorgils Gunnarsson, Heklu sigruðu í sínum aldursflokkum og fengu vegleg verðlaun að launum.

<u>Úrslit í einstökum flokkum</u>

**Tátur fæddar 2005 og síðar**



1. Karitas Ármannsdóttir, KR
2. Lilja Lív Margrétardóttir, KR

3.-4. Kristjana Áslaug Káradóttir, KR

3.-4. Sól Kristínardóttir Mixa, BH

**Hnokkar fæddir 2005 og síðar**

1. Eiríkur Logi Gunnarsson, KR
2. Kristófer Júlían Björnsson, BH

3.-4. Baldur Thor Aðalbjarnarson, KR

3.-4. Jónatan Björnsson Gross, BH

**Telpur fæddar 2003-2004**



1. Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR
2. Þóra Þórisdóttir, KR

3.-4. Þuríður Þöll Bjarnadóttir, KR

3.-4. Ösp Þorleifsdóttir, KR (vantar á myndina)

**Piltar fæddir 2003-2004**

1. Þorgils Gunnarsson, Heklu
2. Aron Birkir Guðmundsson, Heklu

3.-4. Ari Benediktsson, KR

3.-4. Steinar Andrason, KR

**Meyjar fæddar 2001-2002**



1. Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi
2. Guðbjörg Lív Margrétardóttir, KR

3.-4. Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR (vantar á myndina)

3.-4. Þórunn Ásta Árnadóttir, Víkingi (vantar á myndina)

**Sveinar fæddar 2001-2002**



1. Kári Ármannsson, KR
2. Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi

3.-4. Ingi Brjánsson, KR

3.-4. Ísak Indriði Unnarsson, Víkingi

**Stúlkur fæddar 1998-2000**

1. Ársól Arnardóttir, KR
2. Rikka Sigríksdóttir, Dímon

**Drengir fæddir 1998-2000**

1. Magnús Gauti Úlfarsson, BH
2. Birgir Ívarsson, BH

3.-4. Breki Þórðarson, KR

3.-4. Kamil Mocek, Víkingi

## Íslandsmót 2016

## Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna

Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna fór fram í TBR-Íþróttahúsinu laugardaginn 2. apríl 2016. Keppendur komu frá félögunum Víkingi, KR, HK, BH, Erninum og Umfl. Æskan.
Úrslit í mótinu voru eftirfarandi:

**Tvíliðaleikur karla 40-49 ára:**

1. Hannes Guðrúnarson/Bjarni Gunnarsson KR
2. Guðmundur Ragnar Guðmundsson/Bjarni Bjarnason Víkingur/HK



**Tvíliðaleikur kvenna 40-49 ára:**

1. Sigrún Sverrisdóttir/Ásta M. Urbancic BH/KR
2. Guðrún Gestsdóttir/Guðrún Ólafsdóttir KR

**Tvíliðaleikur karla 50-59 ára:**

1. Kristján Jónasson/Hjörtur M. Jóhannsson Víkingur
2. Pétur Ó. Stephensen/Árni Siemsen Víkingur/Örninn



**Tvíliðaleikur karla 70 ára og eldri:**

1. Jóhann Örn Sigurjónsson/Ragnar Ragnarsson Örninn
2. Sigurður Herlufsen/Árni Siemsen Víkingur/Örninn

**Einliðaleikur karla 40-49 ára:**

1. Bjarni Bjarnason HK
2. Hannes Guðrúnarson KR
3. Örn Þórðarson HK
4. Guðmundur Ragnar Guðmundsson Víkingur

**Einliðaleikur kvenna 40-49 ára:**

1. Berglind Ósk Sigurjónsdóttir Víkingur
2. Guðrún Gestsdóttir KR
3. Guðrún Ólafsdóttir KR



**Einliðaleikur karla 50-59 ára:**

1. Kristján Jónasson Víkingur
2. Hjörtur M. Jóhannsson Víkingur
3. Brynjólfur Þórisson HK
4. Guðmundur Halldórsson KR

**Einliðaleikur kvenna 50-59 ára:**

1. Ásta M. Urbancic KRSigrún Ásta Sverrisdóttir BH



**Einliðaleikur karla 60-69 ára:**

1. Pétur Ó. Stephensen Víkingur
2. Árni Siemsen Örninn.

**Einliðaleikur karla 70 ára og eldri:**

1. Jóhann Örn Sigurjónsson Örninn
2. Ragnar Ragnarsson Örninn
3. Sigurður Herlufsen Víkingur

## Íslandsmót Fullorðinna

Daði Freyr Guðmundsson úr Víkingi og Guðrún G Björnsdóttir úr KR fögnuðu Íslandsmeistaratitli í einliðaleik í meistaraflokki á Íslandsmótinu í borðtennis, sem fram fór í TBR-húsinu 12.-13. mars. Þetta var fyrsti titill Daða í einliðaleik en Guðrún vann þriðja árið í röð og í sjöunda skipti alls.

Daði og Guðrún urðu bæði tvöfaldir meistarar, því þau sigruðu einnig í tvíliðaleik. Daði lék með Magnúsi Finni Magnússyni úr Víkingi og varði titilinn sem hann vann í fyrra með Magnúsi K. Magnússyni. Magnús Finnur sigraði einnig í annað skipti því hann vann árið 2014 með Davíð Jónssyni. Guðrún sigraði í tvíliðaleik í fimmta skipti en í fyrsta skipti með Aldísi Rún Lárusdóttur, sem vann sinn fyrsta titil í tvíliðaleik.

Sigurvegarar í öðrum flokkum voru þessir: Birgir Ívarsson, BH, í 1. flokki karla; Eyrún Elíasdóttir, Víkingi, í 1. flokki kvenna; Guðmundur Ragnar Guðmundsson, Víkingi í 2. flokki karla og Þórunn Ásta Árnadóttir, Víkingi í 2. flokki kvenna.

Keppendur á mótinu komu frá félögunum Akri, BH, Dímon, HK, ÍFR, KR, Umf. Heklu og Víkingi,

Víkingar unnu til fimm gullverðlauna, KR til tveggja gullverðlauna, BH og HK til einna gullverðlauna. Víkingar áttu einnig flesta verðlaunahafa, 16 talsins, KR 15,5 en önnur félög mun færri.

<u>Verðlaunarhafar</u>:

**Meistaraflokkur kvenna**

1. Guðrún G Björnsdóttir, KR
2. Aldís Rún Lárusdóttir, KR

3.-4. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK

3.-4. Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR



Guðrún og Aldís mættust í úrslitum í meistaraflokki þriðja árið í röð. Þriðja árið í röð sigraði Guðrún, nú 4-1 (11-6, 7-11, 11-6, 11-6, 11-6). Í undanúrslitum mátti Guðrún taka á honum stóra sínum gegn Sigrúnu Ebbu og vann að lokum 11-8 í oddalotu, eftir að Sigrún hafði verið yfir 2-0 og 3-2 í lotum. Aldís vann Kolfinnu 4-0 í hörkuleik, þar sem þremur lotum lauk með tveggja stiga mun.

**Meistaraflokkur karla**




1. Daði Freyr Guðmundsson, Víkingi
2. Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi

3.-4. Kári Ármannsson, KR

3.-4. Kristján Jónasson, Víkingi

Daði var stigahæsti leikmaðurinn í mótinu og vann Magnús Jóhann nokkuð örugglega í úrslitaleiknum 4-0 (11-8, 1-8, 11-8, 11-7). Í undanúrslitum sigraði Daði Kára Ármannsson úr KR 4-2 en Magnús vann Kristján Jónasson 4-1. Kristján var eini leikmaðurinn á mótinu, sem hafði áður verið Íslandsmeistari í meistaraflokki, en hann sigraði árið 1992.

**Tvíliðaleikur kvenna**



1. Aldís Rún Lárusdóttir/Guðrún G Björnsdóttir, KR
2. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir/Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir HK/KR

3.-4. Ásta M. Urbancic/Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR

3.-4. Berglind Ósk Sigurjónsdóttir/Eyrún Elíasdóttir, Víkingi

Aldís og Guðrún sigruðu meistara fyrra árs, Kolfinnu og Sigrúnu, örugglega í úrslitaleiknum 11-7, 11-6, 11-8.

**Tvíliðaleikur karla**



Daði Freyr Guðmundsson/Magnús Finnur Magnússon, Víkingi

1. Gunnar Snorri Ragnarsson/Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, KR

3.-4. Ársæll Aðalsteinsson/Óli Páll Geirsson, Víkingi

3.-4. Magnús Jóhann Hjartarson/Sindri Þór Sigurðarson, Víkingi

Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi, og lauk með sigri Víkinga með minnsta mun í oddalotu (4-11, 11-8, 12-10, 5-11, 11-9), eftir að KR-ingarnir voru yfir 5-1 þegar skipt var um enda í oddalotunni.

**1. flokkur kvenna**

1. Eyrún Elíasdóttir, Víkingi
2. Bergrún Linda Björgvinsdóttir, Dímon

3.-4. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, KR

3.-4. Magnea Ólafs, Víkingi



Þrjár borðtenniskonur, sem lítið hafa spilað undanfarin ár tóku þátt í 1. flokki kvenna í þetta skipti. Þær röðuðu sér í 2.-4. sæti en náðu ekki að sigra Eyrúnu Elíasdóttur úr Víkingi, sem sigraði í 1. flokki í annað skipti. Hún vann síðast árið 2014 en lék í meistaraflokki í fyrra. Eyrún vann Bergrúnu 3-0 (11-5, 11-8, 11-7) en vann Auði í oddalotu í undanúrslitum.

**1. flokkur karla**

1. Birgir Ívarsson, BH
2. Ísak Indriði Unnarsson, Víkingi

3.-4. Ingi Brjánsson, KR

3.-4. Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi



Birgir var fremur óvæntur sigurvegarii enda ekki einn af þeim fjórum sem var raðað í flokkinn. Hann lék mjög vel og sigraði m.a. stigahæsta leikmanninn, Hlöðver Steina Hlöðversson úr KR og Inga Darvis Rodriguez úr Víkingi. Í úrslitaleiknum vann Birgir Ísak Indriða Unnarsson úr Víkingi, 3-1 (11-2, 8-11, 11-7, 11-5).

**2. flokkur kvenna**

1. Þórunn Ásta Árnadóttir, Víkingi
2. Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR

3.-4. Helena Diljá Sigurðardóttir, Víkingi

3.-4. Þóra Þórisdóttir, KR



Þórunn var öruggur sigurvegari í flokknum og tapaði ekki lotu. Hún vann Kristínu 3-0 (11-6, 11-4, 11-4) í úrslitum.

**2. flokkur karla**

1. Guðmundur Ragnar Guðmundsson, Víkingi
2. Róbert Már Barkarson, Víkingi

3.-4. Ellert Kristján Georgsson, KR

3.-4. Jóhannes Kári Yngvason, KR



Guðmundur Ragnar var ekki einn fjögurra sem var raðað í flokkinn og því óvæntur sigurvegari. Hann lagði Róbert Má 3-2 (11-7, 10-12, 4-11, 11-6, 11-8) í úrslitaleiknum.

**Tvenndarleikur**



Feðginin Bjarni Þorgeir Bjarnason og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK urðu Íslandsmeistarar í tvenndarkeppni á fyrri degi Íslandsmótsins, sem fram fer í TBR húsinu um helgina. Bjarni og Kolfinna sigruðu Kára Ármannsson og Aldísi Rún Lárusdóttur úr KR 3-1 í úrslitaleiknum. Í undanúrslitum lögðu Bjarni og Kolfinna Gunnar Snorra Ragnarsson og Guðrún G Björnsdóttir, KR 3-2 en Kári og Aldís sigruðu Daða Frey Guðmundsson og Magneu Ólafs, Víkingi sömuleiðis 3-2.

## Íslandsmót unlinga




Á fyrri degi Íslandsmóts unglinga var keppt til úrslita í tvenndarleik og í einliðaleik í fjórum stúlknaflokkum, en fram að undanúrslitum í einliðaleik í öllum flokkum drengja sem og táta. Íslandsmeistarar í einliðaleik urðu Þóra Þórisdóttir, KR í telpnaflokki (f. 2003-2004), Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR í meyjaflokki (f. 2001-2002), Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK í stúlknaflokki (f. 1998-2000) og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR í flokki ungmenna stúlkna (f. 1995-1997). KR sigraði í öllum aldursflokkum í tvenndarleik: Ellert Kristján Georgsson og Sveina Rósa Sigurðardóttir í flokki fæddra 2001 og síðar, Breki Þórðarson og Ársól Arnardóttir í flokki fæddra 1998-2000 og Pétur Gunnarsson og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir í tvenndarkeppni fæddra 1995-1997.

Sunnudaginn 6. mars er keppt í tvíliðaleik og til úrslita í einliðaleik í 6 flokkum.

<u>Úrslit í einstökum flokkum</u>

**Einliðaleikur telpna f 2003-2004**

1 Þóra Þórisdóttir, KR

2 Hildur Marín Gísladóttir, Ungmf. Samherjar

3 Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR

4 Hildur Halla Þorvaldsdóttir, KR

Þóra sigraði nokkuð óvænt, þar sem hún var 4. stigahæsti keppandinn í flokknum. Hún vann alla sína leiki og lagði Hildi Marín 3-1 (11-8, 12-10, 9-11, 11-6).

**Einliðaleikur meyja f 2001-2002**

1 Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR

2 Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingur

3 Guðbjörg Lív Margrétardóttir, KR

4 Þórunn Ásta Árnadóttir, Víkingur

Sveina lagði Stellu í oddalotu 5-11, 12-10, 11-5, 9-11, 11-2 og vann sinn annan titil á mótinu. Þetta var þriðji titill Sveinu í einliðaleik.

**Einliðaleikur stúlkna f 1998-2000**

1 Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK

2 Ársól Arnardóttir, KR

Kolfinna sigraði Ársól í þremur jöfnum lotum, 13-11, 13-11, 11-9, og sigraði í flokknum annað árið í röð og fimmta árið í röð í einliðaleik.

**Einliðaleikur ungmenna stúlkna f 1995-1997**

1 Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR

Sigrún var eini skráði keppandinn í flokknum.

**Tvenndarkeppni f 2001 og síðar**

1 Ellert Kristján Georgsson+Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR

2 Ingi Darvis Rodriguez+Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingur

3-4 Karl Andersson Claesson+Guðbjörg Lív Margrétardóttir, KR

3-4 Ísak Indriði Unnarsson+Þórunn Ásta Árnadóttir, Víkingur

Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi en þau Ellert og Sveina höfðu sigur í oddalotu 11-9, 5-11, 11-9, 6-11, 11-8. Ellert vann þar með sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.

**Tvenndarkeppni f 1998-2000**

1 Breki Þórðarson+Ársól Arnardóttir, KR

2 Magnús Gauti Úlfarsson+Sól Kristínardóttir Mixa, BH

3 Birgir Ívarsson+Alexía Kristínardóttir Mixa, BH

Hinar 10 ára gömlu tvíburasystur úr BH spiluðu upp fyrir sig í aldri en Breki og Ársól höfðu sigur gegn Magnúsi Gauta og Sól, 3-1 (11-7, 11-6, 10-12, 11.6). Breki sigraði því í þessum flokki annað árið í röð.

**Tvenndarkeppni ungmenna f 1995-1997**

1 Pétur Gunnarsson+Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR

2 Skúli Gunnarsson+Bergrún Linda Björgvinsdóttir, KR/Dímon

3 Björn Gunnarsson+Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK

Þau Pétur og Sigrún sigruðu örugglega í úrslitaleiknum (11-7, 11-8, 11-7) og vörðu titilinn, sem þau unnu í fyrra.

BH, HK, KR, Umf. Hekla., Umf. Samherjar og Víkingur unnu Íslandsmeistaratitla á Íslandsmóti unglinga í borðtennis, sem fram fór í KR-heimilinu 5.-6. mars. Að auki unnu keppendur frá Akri og Dímon til verðlauna. Skráðir keppendur voru 97 talsins í 21 flokki og skv. dagskrá áttu 246 leikir að fara fram á mótinu. Sindri Sigurðarson vann fyrsta Íslandsmeistaratitil Umf. Samherja frá upphafi í borðtennis.

KR-ingar unnu flesta titla, 12,5 talsins. KR fékk einnig flest verðlaun allra félaga. Pétur Gunnarsson, KR, Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR, unnu þrjá titla hvert, en í tveimur flokkum var Sigrún eini keppandinn í sínum flokki. Ársól Arnardóttir, KR, Karitas Ármannsdóttir, KR, Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Þorgils Gunnarsson, Umf. Heklu urðu tvöfaldir meistarar.

<u>Úrslit úr einstökum flokkum 6. mars (úrslit frá 5. mars eru í eldri frétt)</u>

**Einliðaleikur táta f 2005 og síðar**

1 Karitas Ármannsdóttir, KR

2 Lilja Lív Margrétardóttir, KR

3-4 Sól Kristínardóttir Mixa, BH

3-4 Alexía Kristínardóttir Mixa, BH

Lilja átti titil að verja frá í fyrra en Karitas vann árið 2014. Karitas var sterkari í þetta skipti og sigraði 3-1 (7-11, 11-8, 11-8, 13-11) í úrslitaleiknum.

**Einliðaleikur hnokka f 2005 og síðar**

1 Sindri Sigurðarson, Ungmf. Samherjar

2 Eiríkur Logi Gunnarsson, KR

3-4 Bjarni Þorvaldsson, Dímon

3-4 Kristófer Júlían Björnsson, BH

Sindri Sigurðarson vann fyrsta Íslandsmeistaratitil Ungmf. Samherja í borðtennis, þegar hann lagði Eirík Loga 3-1 (12-10, 11-9, 6-11, 11-8) í jöfnum úrslitaleik, þar sem þessir ungu leikmenn sýndu flott tilþrif.

**Einliðaleikur pilta f 2003-2004**

1 Þorgils Gunnarsson, Umf. Hekla

2 Ari Benediktsson, KR

3-4 Steinar Andrason, KR

3-4 Aron Birkir Guðmundsson, Umf. Hekla

Þorgils varð Íslandsmeistari í annað skipti eftir öruggan sigur á Ara í úrslitaleiknum (11-4, 11-2, 11-6).

**Einliðaleikur sveina f 2001-2002**

1 Kári Ármannsson, KR

2 Ingi Darvis Rodriguez, Víkingur

3-4 Ellert Kristján Georgsson, KR

3-4 Ísak Indriði Unnarsson, Víkingur

Kári kom vel stemmdur til leiks í úrslitaleiknum og vann Inga 3-0 (11-7, 13-11, 11-5) í úrslitaleiknum. Hann varði því titil sinn frá því í fyrra og vann fjórða titil sinn í einliðaleik.

**Einliðaleikur drengja f 1998-2000**

1 Magnús Gauti Úlfarsson, BH

2 Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingur

3-4 Birgir Ívarsson, BH

3-4 Breki Þórðarson, KR

Magnús Gauti batt enda á fimm ára sigurgöngu Magnúsar Jóhanns og vann í framlengdri oddalotu í leik, sem var vel leikinn af beggja hálfu (11-13, 12-10, 6-11, 11-4, 12-10). Magnús Gauti var yfir 10-5 í oddalotunni en Magnús Jóhann náði að jafna í 10-10. Magnús Gauti náði að knýja fram sigur og vinna sinn annan titil í einliðaleik.

**Einliðaleikur ungmenna drengja f 1995-1997**

1 Pétur Gunnarsson, KR

2 Skúli Gunnarsson, KR

3-4 Björn Gunnarsson, HK

3-4 Friðrik Þjálfi Stefánsson, KR

Bræðurnir Pétur og Skúli Gunnarssynir mættust í úrslitaleiknum. Pétur hafði betur og varði titilinn sem hann vann í fyrra. (11-9, 11-8, 11-6).

**Tvíliðaleikur telpna f 2003 og síðar**

1 Karitas Ármannsdóttir+Lilja Lív Margrétardóttir, KR

2 Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir+Þóra Þórisdóttir, KR

3-4 Lóa Floriansdóttir Zink+Kristjana Áslaug Káradóttir, KR

3-4 Þuríður Þöll Bjarnadóttir+Hildur Halla Þorvaldsdóttir, KR

Þær Karitas og Lilja, sem eru enn í tátuflokki, unnu eldri stúlkurnar örugglega í úrslitaleiknum 3-0 (11-7, 11-6, 11-7).

**Tvíliðaleikur pilta f 2003 og síðar**

1 Þorgils Gunnarsson+Aron Birkir Guðmundsson, Umf. Hekla

2 Steinar Andrason+Ari Benediktsson, KR

3-4 Sindri Sigurðarson+Trausti Freyr Sigurðarson, Ungmf. Samherjar

3 -4 Eiríkur Logi Gunnarsson+Guðni Páll Jóelsson, KR

Hekludrengirnir sýndu mikla baráttu og náðu að sigra í oddalotu eftir sveiflukenndan úrslitaleik (13-11, 1-11, 6-11, 11-5, 11-8).

**Tvíliðaleikur meyja f 2001-2002**

1 Þórunn Ásta Árnadóttir+Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingur

2 Lára Ívarsdottir+Guðbjörg Lív Margrétardóttir, KR

Þær Þórunn og Stella endurtóku leikinn frá í flokkakeppninni í febrúar og lögðu KR-stúlkurnar 3-1 í úrslitaleiknum (6-11, 11-7, 11-9, 12-10).

**Tvíliðaleikur sveina f 2001-2002**

1 Ingi Darvis Rodriguez+Ísak Indriði Unnarsson, Víkingur

2 Kári Ármannsson+Ingi Brjánsson, KR

3-4 Gunnar Aðalgeir Arason+Þorsteinn Már Þorvaldsson, Akur

3-4 Karl Andersson Claesson+Ellert Kristján Georgsson, KR

Víkingarnir Ingi og Ísak léku betur í úrslitaleiknum og sigruðu 3-0 (11-5, 15-13, 11-7).

**Tvíliðaleikur stúlkna f 1998-2000**

1 Ársól Arnardóttir+Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR

2 Birta Björk Hauksdóttir+Eyrún Jóhannsdóttir, KR

Ársól og Sveina voru öruggir sigurvegarar og unnu úrslitaleikinn 3-0 (11-1, 11-0, 11-1).

**Tvíliðaleikur drengja f 1998-2000**

1 Birgir Ívarsson+Magnús Gauti Úlfarsson, BH

2 Erlendur Guðmundsson+Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingur

3 Sigtryggur Valgeir Bjarnason+Kamil Mocek, Víkingur

Erlendur og Magnús Jóhann voru ríkjandi meistarar en máttu játa sig sigraða fyrir Birgi og Magnúsi Gauta eftir jafnan leik 3-1 (12-14, 12-10, 11-9, 11-5).

**Tvíliðaleikur ungmenna stúlkna f 1995-1997**

1 Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir+Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, HK/KR

Kolfinna og Sigrún voru eina skráða parið í flokknum.

**Tvíliðaleikur ungmenna drengja f 1995-1997**

1 Pétur Gunnarsson+Skúli Gunnarsson, KR

2 Adrian Héðinsson Gonzales+Björn Gunnarsson, HK

3-4 Kári Byrne+Sveinn Sigurðarson, Víkingur

3-4 Ólafur Ingi Sigurðarson+Júlíus Fannar Thorarensen, Ungmf. Samherjar/Akur

Bræðurnir Pétur og Skúli lögðu HK drengina 3-1 (11-8, 8-11, 11-7, 11-5) í úrslitaleiknum og unnu sinn fimmta sameiginlega titil í tvíliðaleik, auk þess sem báðir hafa orðið Íslandsmeistarar í tvíliðaleik með öðrum leikmönnum.

## Flokkakeppni unglinga

Flokkakeppni unglinga fór fram í TBR-húsinu sunnudaginn 21. febrúar. Auglýst var keppni í 6 flokkum en keppni féll niður í flokki ungmenna stúlkna 19-21 árs. Keppendur komu frá BH, KR og Víkingi.

Víkingar sigruðu í flokkum sveina og meyja fæddra 2001 og síðar, BH í flokki drengja og KR í flokki stúlkna fæddra 1998-2000 og KR í flokki ungmenna drengja fæddra 1995-1997.

<u>Úrslit í einstökum flokkum</u>

**Sveinar 15 ára og yngri (fæddir 2001 og síðar)**

1. Víkingur (Ingi Darvis Rodriquez, Ísak Indriði Unnarsson)
2. KR-A (Ingi Brjánsson, Kári Ármannsson)

3.-4. KR-B (Ellert Kristján Georgsson, Karl A. Claesson)

3.-4. KR-C (Elvar Kjartansson, Jóhannes Kári Yngvason)



Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi, þar sem Ingi Darvis lagði Kára 3-2 og Ingi Brjánsson vann Ísak 3-0. Víkingarnir unnu svo tvíliðaleikinn 3-2 og tóku forystu í leiknum. Kári lagði Ísak 3-1 en Ingi Darvis vann Inga Brjánsson 3-0 og tryggði Víkingum titilinn. Víkingur vann síðast í þessum flokki árið 2004 en Íslandsmeistararnir í flokknum í fyrra léku nú í drengjaflokki.

**Meyjar 15 ára og yngri (fæddar 2001 og síðar)**

1. Víkingur-A (Stella Karen Kristjánsdóttir, Þórunn Ásta Árnadóttir)
2. KR-B (Guðbjörg Liv Margrétardóttir, Lára Ívarsdóttir)



3.-4. KR-A (Karitas Ármannsdóttir, Lilja Liv Margrétardóttir)

3.-4. KR-C (Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, Kristjana Áslaug Káradóttir)

Víkingsstúlkurnar sigruðu örugglega í flokknum og unnu úrslitaleikinn 3-0. Þórunn sigraði Guðbjörgu 3-0, Stella lagði Láru 3-0 og Víkingsstúlkurnar unnu svo tvíliðaleikinn 3-0. Víkingur vann síðast í þessum flokki árið 2004 en sigurlið KR í fyrra í þessum flokki lék nú í stúlknaflokki.

**Drengir 16-18 ára (fæddir 1998-2000)**

1. BH (Birgir Ívarsson, Magnús Gauti Úlfarsson)
2. Víkingur-A (Erlendur Guðmundsson, Magnús Jóhann Hjartarson)
3. Víkingur-B (Kamil Mocek, Sigtryggur Bjarnason)




Í úrslitaleiknum mættust Íslandsmeistarar fyrra árs úr Víkingi og Íslandsmeistararnir úr sveinaflokki í fyrra. Magnús Gauti lagði Magnús Jóhann 3-2 og Birgir vann Erlend 3-1 og BH því með tvo vinninga fyrir tvíliðaleikinn. Hann unnu Víkingar 15-13 í oddalotu og héldu í vonina um að vinna úrslitaleikinn. Magnús Gauti vann svo Erlend 3-0 og tryggði BH sigurinn. Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill BH í flokkakeppni þar sem liðið er eingöngu skipað leikmönnum BH.

**Stúlkur 16-18 ára (fæddar 1998-2000)**

1. KR-A (Ársól Arnardóttir, Sveina Rósa Sigurðardóttir)
2. KR-B (Birta Björk Hauksdóttir, Eyrún Jóhannsdóttir)

Sveina, sem er fædd árið 2002, spilaði hér upp fyrir sig í aldri. Hún vann Eyrúnu 3-0 og Ársól vann Birtu einnig 3-0. Tvíliðaleikurinn fór sömuleiðis 3-0.

**Ungmenni drengja 19-21 árs (fæddir 1995-1997)**

1. KR-A (Pétur Gunnarsson, Skúli Gunnarsson)
2. KR-B (Friðrik Þ. Stefánsson, Jónas Ingi Thorarensen Kristjánsson)

Pétur vann Jónas 3-0 og Skúli lagði Friðrik 3-1. Þeir bræður unnu svo tvíliðaleikinn 3-0. Pétur varði því titilinn sem hann vann með Breka Þórðarsyni í fyrra.

# Welsh Euro Challenge



Fjórir ungir leikmenn keppa fyrir Íslands hönd á Welsh Euro Challenge mótinu í Wales helgina 15.-17. janúar. Tveir drengir og tvær stúlkur taka þátt, og er gert ráð fyrir að eldri keppandinn sé í sveina/meyjaflokki (kadettflokki) og yngri keppandinn sé í pilta/telpnaflokki (mini kadettflokki) eða yngri. Þátttökulönd eru England, Lúxemborg, Malta og Wales auk Íslands. Á laugardeginum er liðakeppni og á sunnudeginum er einstaklingskeppni.

Liðið skipa Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi; Karitas Ármannsdóttir, KR; Kári Ármannsson, KR og Sveina Rósa Sigurðardóttir, KR. Kristján Viðar Haraldsson, unglingalandsliðsþjálfari er fararstjóri og Guðrún Ólafsdóttir

Krakkarnir okkar eru heldur betur að gera góða hluti í Cardiff í Wales en á mótinu er keppt í dag í liðakeppni. Í morgun sigruðu íslensku krakkarnir lið Möltu 4-2 og B lið Wales 5-1. Rétt í þessu gerði liðið jafntefli við lið Luxemborg 3-3. Nú stendur yfir leikur liðsins gegn liði frá Englandi og liðið leikur síðan við A lið Wales síðar í dag. Þeir Kári og Ingi Darvis hafa ekki enn sem komið er tapað leik á mótinu.




Íslensku unglingarnir náðu frábærum árangri á Welsh Euro Challenge 2016, sem fram fór helgina 15.-17. janúar í Cardiff í Wales. Keppt var í mini cadet og cadet flokki. Þátttökulönd voru England, Lúxemborg, Malta, Wales og Ísland. Liðið skipuðu þau Ingi Darvis Rodriguez, Karitas Ármannsdóttir, Kári Ármannsson og Sveina Rósa Sigurðardóttir. Kristján Viðar Haraldsson, unglingalandsliðsþjálfari var þjálfari og fararstjóri og Guðrún Ólafsdóttir liðsstjóri.

Kári Ármannsson gerði sér lítið fyrir og sigraði í einstaklingskeppninni í kadett flokki fyrr í dag en hann vann í úrslitum Benedict Watson frá Wales 3-0. Ingi Darvis Rodriguez varð í þriðja sæti í minikadett flokki á mótinu en hann tapaði naumlega undanúrslitaleik sínum gegn sigurvegara mótsins. Karítas og Sveina lentu í fimmta sæti í sínum flokkum.

Íslenska liðið lenti í fjórða sæti í stigakeppni mótsins, en stig eru reiknuð bæði fyrir einstaklingskeppnina og liðakeppnina.

Önnur úrslit hafa verið þau að lið frá Englandi vann B lið Wales 6-0, Luxemborg vann liðið frá Englandi 4-2, A lið Wales vann lið Möltu 6-0 og gerði það jafntefli við liðið frá Englandi. Wales B vann svo Möltu 4-2.



## Dómara námskeið

31. janúar og 1. Febrúar 2016 var svo haldið alþjóðlegt dómaranámskeið. Leiðbeinandinn var Paul Schiltz. Fín mæting var á námskeiðið en farið var yfir helstu reglur sem gilda á stórmótum og var námskeiðið undirbúningur fyrir Smáþjóðleikana sem haldnir voru á íslandi sumarið 2016. Eftir námskeiðið var lagt fyrir nokkra dómara dómarapróf sem aðeins einn dómari náði. Hannes Guðrúnarson bættist í hóp alþjóðlegradómara í september 2106.



## Borðtennisfólk 2015

Daði Freyr Guðmundsson úr Víkingi og Guðrún G Björnsdóttir úr KR eru borðtenniskarl og borðtenniskona ársins 2015. Tilkynnt var um kjörið 30. desember um leið og kjöri íþróttamanns ársins 2015 var lýst. Þetta er í fyrsta skipti sem Daði hlýtur þennan titil en Guðrún hefur einu sinni áður verið borðtenniskona ársins, fyrir nokkrum árum

## Evrópumeistaramót unglinga 2015

Unglingalandsliðið sem að þessu sinni er skipað þeim Magnúsi Gauta Úlfarssyni og Kára Ármannssyni í cadet drengja og þeim Breka Þórðarsyni, Erlendi Guðmundssyni og Magnúsi Hjartarssyni í junior drengja heldur til Slóvakíu á morgun á Evrópumót unglinga með unglingalandsliðsþjálfaranum Kristjáni Viðari Haraldssyni og liðsstjóra Davíð Jónssyni. Mótið er nú haldið í Bratislava í Slóvakíu. Liðakeppni hefst næstkomandi föstudag 10. júlí og stendur til þriðjudagsins 14. júlí. Hefst þá keppni í einstaklingskeppninni sem lýkur sunnudaginn 19. júlí.

Í liðakeppni í cadet drengja spilar íslenska liðið í riðli með Hvíta Rússlandi, Svartfjallalandi og Noregi.

Í liðakeppni í junior drengja spilar íslenska liðið í riðli með Englandi, Hollandi og San Marinó.

## Keppnistímabil 2014-2015

Alls tóku 258 leikmenn þátt í mótum á vegum Borðtennissambands Íslands keppnistímabilið 2014-2015, sem er 10 leikmönnum færra en árið áður. Á mótunum léku 193 karlar og 65 konur. Körlum fjölgaði um sjö en konum fækkaði um 15 frá síðasta keppnistímabili.
Þessir 258 leikmenn komu frá 16 félögum, sem er einu fleira en árinu áður. Á þessu keppnistímabili komu inn á listann leikmenn úr nýjum félögum á Norðurlandi í gegnum Norðurlandsdeildina.
Flestir leikmenn komu frá KR, 68 talsins, en 43 kepptu fyrir Dímon og jafnmargir fyrir Víking.

Csanád Forgács-Bálint úr HK og Guðrún G Björnsdóttir úr KR voru stigahæstu karlinn og konan á keppnistímabilinu. Csanád var metinn inn á listann að loknum Reykjavíkurleikunum (Reykjavík International Games), þar sem hann varð í 2. sæti og vann m.a. Magnús K. Magnússon, sem er í 2. sæti listans. Csanád lék svo með HK í 2. deild karla.

Víkingurinn Ingi Darvis Rodriguez hækkaði mest allra á styrkleikalista BTÍ frá 1. júní 2014 til 1. júní 2015,en Ingi bætti sig um 269 stig á milli ára. Fast á hæla Inga kom Magnús Gauti Úlfarsson úr BH, sem bætti sig um 268 stig á milli ára.

Aldís Rún Lárusdóttir úr KR bætti sig mest kvenna á þessu ári, en hún bætti við sig 82 stigum. Næstmest kvenna bætti við sig Guðbjörg Lív Margrétardóttir úr KR, 51 stigi.

Tíu karlar að auki bættu sig um meira en 100 stig á milli ára: Birgir Ívarsson HK/BH, 238 stig; Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi, 190 stig; Kári Ármannsson, KR, 178 stig; Ísak Indriði Unnarsson, Víkingi, 137 stig; Daði Freyr Guðmundsson, Víkingi, 134 stig; Kjartan Skarphéðinsson, KR, 124 stig; Karl A. Claesson, KR, 118 stig; Arnór Gauti Helgason, Víkingi, 115 stig; Ellert Kristján Georgsson, KR, 106 stig og Pétur Gunnarsson, KR, 104 stig.

Á keppnistímabilinu 2014-2015 var keppt um 49 Íslandsmeistaratitla. KR vann flesta titla eða 21 talsins. Víkingur vann næstflesta titla eða 18,5. Önnur félög sem unnu til Íslandsmeistaratitla á árinu voru HK (3,5), BH (2,5), Örninn (2,5) og Akur (1). Flesta Íslandsmeistaratitla vann Sigrún Ebba Tómasdóttir úr KR, 6 talsins. Næstu komu Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK og Pétur Gunnarsson, KR, sem unnu 4 titla hvort. Sigrún og Pétur unnu ferfalt í sínum unglingaflokki. Auk þess vann Sigrún sigur í tvíliðaleik kvenna og var í sigurliði KR í 1. deild kvenna. Kolfinna vann tvo titla í unglingaflokki, vann sigur í tvíliðaleik kvenna og var í sigurliði HK í 2. deild. Magnús K. Magnússon úr Víkingi vann flesta Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki, þrjá talsins.

## SmáÞjóðleikarnir 2015

SmáÞjóðleikarnir voru haldnir á Íslandi sumarið 2015, en þeir höfðu ekki verið haldnir á Ísalndi síðan 1997. Keppendur voru frá átta löndum af níu en Liechtenstein var ekki með lið í borðtennis. Ísland var með eitt lið í liðakeppni karla og eitt í liðakeppni kvenna.

Karlaliðið var skipað Davíð Jónssyni, Daða Frey Guðmundssyni og Magnúsi K. Magnússyni. Kvennaliðið var skipað Kolfinnu Bergþóru Bjarnardóttur, Aldísi Rún Lárusdóttur og Guðrúnu G. Björnsdóttur. Í fyrsta sinn á Íslandi var spilað á allvöru keppnisgólfi frá Gerflor sem BTÍ hafði áskotnast fyrir mótið.

## Dagur 1




Íslensku karla og kvenna liðin hófu keppni í dag á Smáþjóðaleikunum í borðtennis.

Karlalandsliðið er skipað þeim Magnúsi K. Magnússyni, Davíð Jónssyni og Daða Frey Guðmundssyni.

Kvennalandsliðið er skipað þeim Aldísi Rún Lárusdóttir, Guðrúnu G. Björnsdóttir og Kolfinnu Bergþóru Bjarnardóttur.

Kvennaliðið byrjaði á að spila við sterkt lið Lúxemborgar en liðið er númer 24 á heimslistanum. Leikur tapaðist 3-0 en í leiknum spilaði Xian Lian Ni fyrrverandi Evrópumeistari í einliðaleik kvenna.

Karlaliðið spilaði við Svartfellinga, Daði Freyr Guðmundsson byrjaði að spila við Irfan Cekic, en Irfan vann fyrri mótið í Lúxemborg fyrir tveimur árum. Irfan sigraði Daða 3-0 í þeirri viðureign.

Eftir hádegi spilaði karlaliðið við Kýpur. Magnús K. Magnússon spilaði fyrst við Marios Yiangou. Þrátt fyrir frábæra frammistöðu og spennandi leik tapaði Magnús 3 – 1. Næst kepptu Davíð Jónsson geng yngri bróðir Marios, Yiangos Yiangou. Davíð sigraði leikinn 3 – 1 og jafnaði fyrir Ísland. Eftir mikla baráttu í seinni leikunum hjá Magnúsi gegn Yiangos tapaðist viðureignin og leikur tapaðist því samanlagt 3 – 1.

Stelpuliðið keppti næst við Mónakó. Einn leikmaður þess liðs er nr. 44 í heiminum, hún Xiaoxin Yang og því er um sterkt lið að ræða. Aldís Rún Lárusdóttir byrjaði leikinn vel og vann fyrstu lotuna en Ulrika Quist, sem spilaði í mörg ár fyrir sænska landsliðið, var seig og vann næstu þrjár.

Íslandsmeistarinn okkar, Guðrún G. Björnsdóttir, fékk það verkefni að spila við Xiaoxin. Sá leikur tapaðist 0-3. Stelpurnar töpuðu svo tvíliðaleiknum og endaði leikurinn 0 – 3 fyrir Mónakó. Stelpurnar enduðu því í neðsta sæti í sínum riðli.



Seinasti leikur dagsins var leikur hjá karlaliðinu við Mónakó. Fyrsti leikurinn hjá þeim tapaðist en í öðrum leik gerði Daði Martin Tiso erfitt fyrir. Leikurinn var tæpur en endaði þó með 3-0 tapi. Magnús og Daði áttu hörku tvíliðaleik en dugði ekki til og leikurinn tapaðist. Leikurinnn endaði 0-3 fyrir Mónakó.

Í liðakeppni karla í A-riðli sigraði Lúxemborg í efsta sæti og San Marínó hafnaði öðru sæti. Í B-riðli var það Mónakó sem endaði í efsta sæti og Svartfjallaland í öðru sæti.

## Dagur 2

Í úrslitum í liðakeppni karla keppti Svartfjallaland gegn Mónakó. Svartfjallaland átti hörkuleik við Lúxemborg í undanúrslitum á meðan Mónakó fékk auðveldari leik við San Marínó.

Það var augljóst að Irfan Ceric frá Svartfjallalandi ætlaði sér að vinna fyrsta leikinn og sigraði hann Anthony Peretti frá Mónakó 3-0. Luka Bakic átti næsta leik við Damien Provost og byrjaði Bakic betur og vann fyrstu tvær loturnar. En baráttan hjá Provost skilaði honum aft inn í leikinn og eftir hörkuspennandi lotur vann Provost leikinn 2-3. Í tvíliðaleiknum nýttu Mónakómenn sér það að hafa unnið leikinn á undan en Svartfellingar gáfu ekkert eftir. Leikurinn var spennandi og hefði getað endað á hvern veginn sem er en Mónakó endaði á að vinna leikinn, 3-1 fyrir Mónakó. Cerkic átti harma að hefna en Provost var í banastuð og átti góðan leik og tryggði Mónakó leikinn 3-1. Mónakó vann þar með liðakeppni karla.

Í úrslitaleik liðakeppni kvenna keppti Mónakó gegn Lúxemborg.

Það var spennandi að sjá Lúxemborg keppa við Mónakó þar sem bæði lið hafa keppenda á top 100 í heiminum og topp 20 í Evrópu. Lúxemborg ákvað að byrja á sínum sterkasta leikmanni í fysta leik, Xia Lian Ni, en hún er númer 68 í heiminum, og keppti við Ulrika Quist, leikurinn fór 3-0 fyrir Ni. Þá var komið að Mónakó að tefla fram sínum sterkasta leikmanni, Xiaoxin Yang en hún er númer 44 í heiminum, hún keppti við Sarah De Nutte, leikurinn endaði 3-1 fyrir Yang. Í tvíliðaleiknum voru Lúxemborg stelpurnar sterkari aðilinn og þær unnu örugglega 3-0. Þá var komið að leiknum sem margir höfðu beðið eftir, Ni á móti Yang. Yang átti rosalega góðan leik og sigraði Ni örugglega 3-0. Oddaleikurinn var æsispennandi eins og við mátti búast þegar titill er í húfi. En De Nutte kom, sá og sigraði Quist örugglega 3-0 og Lúxemborg varð sigurvegari í liðakeppni kvenna og varði titilinn frá því á síðustu Smáþjóðleikum.

Í liðakeppni kvenna í A-riðli sigraði Lúxemborg og Mónakó í því öðru.

Til undanúrslita í karlaflokki leik því Lúxemborg og Svartfjallaland og San Marino og Monakó.

Í kvennaflokki sigarði Svartfjallaland B riðilinn og Malta var í öðru sæti.

# Dagur 3



Tvíliðaleikur kvenna

Í tvíliðaleik kvenna lentu þær Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún G. Björnsdóttir í B-riðli með Svartfjallalandi og Mónakó, sem lentu í öðru sæti í liðakeppninni í gær. Fyrsti leikurinn var við Svartfjallaland, þrátt fyrir góða baráttu þá töpuðu stelpurnar 3-0.

Seinni leikur dagsins var á móti sterku liði Mónakó. Þær áttu góðan leik og gáfu ekkert eftir í baráttunni. Það dugði þó ekki til að þessu sinni og urðu þær að sætta sig við 3-0 tap.

Lúxemborg vann A-riðil og Malta lenti í öðru.

Mónakó vann B-riðil og Svartfjallaland lenti í öðru.

Í undanúrslitum áttust við Lúxemborg og Svartfjallaland annars vegar og Malta og Mónakó hins vegar. Sterkt lið Lúxemborg var ekki í vandræðum með að vinna lið Svartfjallalands og unnu auðveldlega 3-0. Mónakó var heldur ekki í neinum vandræðum í sínum leik og vann Möltu nokkuð örugglega 3-0.

Úrslitaleikurinn var þá milli Lúxemborg og Mónakó, en þessi lið mættust í úrslitum í liðakeppninni. Hart var barist í leiknum og hefur sjaldan verið eins mikil gæði á úrslitaleik í tvíliðaleik kvenna á Íslandi. Stelpurnar frá Lúxemborg voru hreinlega betri í dag og unnu leikinn nokkuð örugglega 3-0.

Tvíliðaleikur karla



Í tvíliðaleik karla voru þeir Magnús K. Magnússon og Daði Freyr Guðmundsson í A-riðli með Svartfjallalandi, sem lenti í öðru sæti í liðakeppninni og Lúxemborg sem vann tvíliðaleik karla á síðustu Smáþjóðaleikum. Fyrsti leikurinn var við Svartfjallaland. Strákarnir spiluðu vel og voru flestar loturnar tæpar og var ekkert gefið eftir, leikurinn endaði með sigri Svartfjallalands 3-0.

Strákarnir spiluðu svo seinni leikinn í riðlinum við Lúxemborg. Að þessu sinni átti Ísland við ofurefli að etja, þrátt fyrir baráttu þá tapaðist leikurinn 3-0.

Svartfjallaland vann A-riðil og Lúxemborg lenti í öðru.

San Marínó vann B-riðil og Kýpur lenti í öðru.

Í öðrum undanúrslitaleiknum áttust við Svartfjallaland og Kýpur, en Kýpur kom á óvart með því að komast upp úr riðlinum. Þó voru Svartfellingar sterkari þrátt fyrir mikla baráttu hjá Kýpverjum og unnu Svartfellingar leikinn 3-0.

San Marínó keppti við Lúxemborg í hinum undanúrslitaleiknum. Lúxemborg þurfti nauðsynlega að vinna til að eiga möguleika á að verja titilinn frá því fyrir tveimur árum. San Marínó menn ætluðu sér ekki að gefa neitt eftir en Lúxemborgarar voru ákveðnari og unnu leikinn 3-1.

Þá mættust í úrslitum Svartfjallaland og Lúxemborg. Lúxemborgarar ætluðu sér að vinna leikinn og verja titilinn, en Svartfellingar ætluðu sér sigur eftir tapið í úrslitaleiknum í liðakeppninni. Það var jafnt á liðum og mikið af flottum stigum. Á endanum skilaði baráttan sér hjá Svartfellingunum og þeir sigruðu leikinn 3-1.

## Dagur 4



Kolfinna Bjarnadóttir lenti í A riðli með Xiaoxin Yang frá Monakó og Jessicu Pace frá Möltu. Fyrsti leikurinn var við Yang og var erfiður leikur. Um ofurefli var að ræða enda Yang nr. 44 í heiminum í dag. Kolfinna tapaði 3-0. Í seinni umferðinni keppti Kolfinna við Jessicu Pace og kom Kolfinna einbeitt til leiks. Hún vann fyrstu lotuna af mikilli baráttu og gaf ekkert eftir, hins vegar lenti hún undir 2-1. Kolfinna jafnaði því næst í 2-2 og oddalotan var jöfn og spennandi. Þrátt fyrir alla baráttuna tapaðist leikurinn 11- 6.

Guðrún G. Björnsdóttir dróst í D riðil með Sonju Jankovic frá Svartfjallalandi og Letizia Giardi frá San Marínó. Fyrsti leikurinn var við Jankovic og var greinilegt að Guðrún ætlaði sér að vinna. Allar loturnar voru tæpar, en endaði þó með 3-0 tapi Guðrúnar. Seinni leikurinn var gegn Letizia Giardi og þrátt fyrir fínan leik Guðrúnar dugði það ekki til og leikurinn tapaðist 3-0.

Magnús K. Magnússon var í B riðil með Irfan Cekic frá Svartfjallalandi og Damien Provost frá Mónako. Fyrsti leikurinn var við sigurvegara síðustu Smáþjóðleika Irfan Cekik og barðist Magnús fyrir hverju stigi og gaf ekkert eftir. Þrátt fyrir baráttuna var Cerik erfiður og vann hann leikinn 3-0. Næsti leikur Magnúsar var á móti Damien Provost og þrátt fyrir góðan leik þá dugði það ekki til og Magnús tapaði 3-0.




Davíð Jónsson dróst í A riðil með Marios Yiangou frá Kýpur og Anthony Peretty frá Mónakó. Fyrsti leikur var við Yiangou sem er stigahæsti leikmaðurinn á mótinu og átti Davíð hörku leik. Leikurinn endaði með 3-0 tapi Davíðs. Davíð keppti svo næsta leik við Anthony Peretti og byrjaði af hörku en Peretti var seigur og vann leikinn 3-0.

Í átta liða úrslitum karla mættust Xiaoxin Yang og Sonja Jankovic, Ulirka Quist, Letizia Giardi og Egle Tamasauskaite og í síðasta leiknum Jessica Pace og Sarah De Nutte.

Í átta liða úrslitum kvenna mættust Marios Yiangou og Traian Ciociu, Irfan Cekic og Lorenzo Ragni og Gilles Michely og Damian Provost og í síðasta leiknum Luka Bakic og Anthony Peretti.

## Dagur 5

Í undanúrslitum karla mættust Irfan Cekic, frá Svartfjalalandi, og Marios Yaingou frá Kýpur hins vegar og Damien Provost frá Mónakó og Luka Bakic frá Svartfjallalandi. Marios byrjaði betur og vann fyrstu endaði 3-1 fyrir Cekic. Í hinum undanúrslitaleiknum átti Provost góðan leik og sigraði Provost Bakic örugglega 3-0.

Í úrslitum mættust því Irfan Cekic og Damien Provost. Cekic hefur verið í úrlsitum á síðustu tveimur leikunum og unnið einn þeirra, þetta er því þriðji úrslitaleikurinn hans. Provost hefur spilað vel á mótinu hefur ekki tapað leik ennþá á mótinu. Hann hefur einnig unnið Cekic tvisvar áður á mótinu. Leikurinn var spennadi en Provost var að spila vel og þrátt fyrir góða baráttu hjá Cekic þá dugði það ekki til, Provost vann leikinn 3-0.

Í undanúrlsitum kvenna mættust Sarah De Nutte og Egle Tamasauskaite báðar frá Luxemborg og Xiaoxin Yang frá Mónakó og Viktoria Lucenkova frá Möltu. De Nutte átti ekki í neinum vandræðum með löndu sína og vann leikinn örugglega 3-0. Sömu sögu var að segja um leikinn milli Yang og Lucenkova, þar vann Yang örugglega 3-0.

Úrslitaleikurinn var því á milli Söruh De Nutte og Xiaoxin Yang. Yang sem er stigahæsti keppandinn á mótinu. Leikurinn fór hægt af stað og vann Yang örugglega fyrstu tvær loturnar örugglega. En í þriðju lotunni datt De Nutte í gírinn og stóð rækilega í Yang, lotan endaði þó 14-12 fyrir Yang. Yang sigraði De Nutte 3-0 og vann mótið.

## Arctic mótið 2015




Artic mótið var haldið í Grænlandi 15. Maí til 17. Maí. Á mótinu voru lið frá Grænlandi og Færeyjum. Tvö karla lið og eitt kvennalið voru send á mótið en þjálfari var Kristján Viðar Haraldsson í forföllum Guðmundar Stephensen og fararstjóri Hlöðver Steini Hlöðversson.
Í karla flokki var Ísland A skipað Kára Mímissyni, Magnúsi Jóhann Hjartarsyni og Pétri Gunnarssyni. Ísland B var skipað Magnúsi F. Magnússyni, Breka Þórðarsyni og Sindra Þór Sigurðssyni. Kvennaliðið var skipað Aldísi Rún Lársudótti, Kolfinnu Bergþóru Bjarnardóttur, Sigrúnu Ebbu Urbancic og Eyrúnu Elíasdóttir.
Gengi liðana var frábær en allir keppendur stóðu sig vel.




Ísland A vann liðakeppnina en það mætti Ísland B í úrslitum. Í kvennaflokki urðu íslensku stelpurnar í öðru sæti en Grænland A vann liðakeppnina.Kolfinna gerði sé þó lítið fyrir og vann eiliðaleik kvenna en hún lagði Aldísi í úrlsitaleiknum. Í eiliðaleikkarla varð Kári í öðru sæti. Í tvíliðaleik karla unnu Kári og Magnús hjartarson en í tvíliðaleik lentu Kolfinna og Sigrún í öðru sæti. Í tvendarkeppni lentu Sigrún og Pétur í öðru sæti.







## Íslandsmeistara mótið í liðakeppni 2014-2015

## 1.Deild karla & kvenna



Víkingur A varði titilinn sinn í 1. Deild karla og varð því íslandsmeistari þriðja árið í röð. Víkingur A lagðið lið KR A 2-0 í úrslitum, 4-2 í fyrri leiknum og 4-1 í þeim seinni. Lið Víking var skipað þeim Magnúsi K. Magnússyni, Daða Frey Guðmundssyni og Magnúsi F. Magnússyni. Lið KR A var skipa Pétri Gunnarssyni, Kára Mímissyni, Pétri Marteini Urbancic Tómassyni og Breka Þórðarssyni.

Í undanúrlsitum mættust lið KR A og KR B. KR A vann þann leik 2-0. Í hinum undanúrlsitaleiknum mættust lið Víkings A og Víkings B en víkingur A vann þann leik 2-0.

KR A varð Íslandsmeistari 1. Deild kvenna en liðið vann HK í úrslitum 2-0, fyrrileikurinn fór 3-0 og sá seinni 3-1.



Í 1. Deild karla tímabilið 2014-2015 varð Víkingur A deildarmeistarar en þeir unnu deildina með fullthús stiga. Liðið var skipta Magnúsi K. Magnússyni Daða Frey Guðmundssyni og Magnúsi F. Magnússyni. Í öðru sæti urðu KR A, í þriðja sæti varð KR B, í fjórða sæti urðu Víkingur B, í fimmta sæti varð Víkingur C og BH endaði í sjötta sæti og féll niður um deild.

Í 1. Deild kvenna tímabilið 2014-2015 varð KR A deildameistarar með fullthús stiga. Liðið var skipað Guðrúnu G. Björnsdóttur, Aldísi Rún Lárusdóttir, Sigrún Ebbu Tómasdóttir og Ástu Melittu Urbancic. Í öðru sæti varð lið HK, í þriðja sætu varð BH, í fjórða lið KR B og í því fimmta KR C.

## 2.deild

Í 2. Deild karla endaði HK uppi sem sigurvegari en þeir unni Víking D í úrslitum 4-1. Lið HK var skipað þeim Brynjólfi Þórissyni, Bjarna Þorgeiri Bjarnarsyni og Csanád Forgács-Bálint. Lið Víkings D var skipað Inga Darvis Rodriguez, Róbert Már Bjarkarsyni og Ísak Indriða Unnarssyni.



## Nýr unglingalandsliðsþjálfari

Í mars sagði Einar Geirsson starfi sínu sem unglingalandsliðþjálfari lausu og var Kristján Viðar Haraldsson ráðinn í hans stað. Kristján hefur áratuga reynslu af þjálfun en hann hefur verið þjálfari bæði hjá Víking og KR með góðum árangri. Kristján lauk BS gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands með sérstaka áherslu á íþróttasálfræði.

## Nýr landsliðsþjálfari

Í byrjun árs 2015 var Guðmundur Stephensen ráðinn landsliðþjálfari karla- og kvennaliðsins. Hann fyrsta verkefni var heimsmeistaramótið í einstaklingkeppni sem haldið vat í Kína 26. Apríl – 3. Maí. Karlaliðið skipaði Davíð Jónsson og Daði Freyr Guðmundsson en kvennaliðið var skipað þeim Guðrúnu G. Björnsdóttir og Aldísi Rún Lárusdóttir.

## Lokamót Grand Prix 2015

Lokamót Grand Prix mótaraðar 2015 fór fram í dag sunnudaginn 29. mars
í TBR-Íþróttahúsinu við Gnoðarvog.
Keppt var í karla og kvennaflokkum þar sem 8 leikmenn léku í hvorum flokki.
Í undanúrslitum í karlaflokki sigraði Magnús K. Magnússon Víkingi Magnús Hjartarson
Víkingi 4 – 1 (5-11, 11-1, 11-1, 11-5. 11-2).
Í hinum undanúrslitaleiknum sigraði Daði Freyr Guðmundsson Víkingi Kára Mímisson KR
4 – 3 í hörkuleik (8-11, 4-11, 11-6, 3-11, 11-7, 12-10 og 11-9).
Úrslitaleikinn í karlaflokki léku því félagarnir frá Víkingi Magnús K. Magnússon gegn
Dað F. Guðmundssyni. Um hörku úrslitaleik var að ræða þar sem Magnús sigraði að
lokum 4 – 3 (11 – 9, 11 – 13, 11- 4, 11 – 8, 9 – 11, 9 – 11 og 11 – 9).

Í undanúrslitum í kvennaflokki sigraði Guðrún G Björnsdóttir KR Kolfinnu Bjarnadóttir HK
4 – 2 (11-9, 11-8, 11 – 9, 7-11, 9-11 og 11- 8).
Í hinum undanúrslitaleiknum sigraði Aldís Rún Lárusdóttir KR Sigrún E. Tómasdóttur KR
4 – 1 (11-7, 12-10, 8-11, 11-9 og 13-11).
Í kvennaflokki léku því til úrslita Aldís Rún Lárusdóttir KR gegn Guðrúnu G Björnsdóttur KR.
Leikar fóru þannig að Aldís sigraði 4 – 2 (11 – 9, 6-11, 11 – 7, 7 – 11, 11 – 8 og 11 – 8).

# Íslandsmót 2015

## Íslandsmót fullorðina

Íslandsmótið var haldið helgina 7. – 8. Mars 2015 í KR-Heimilinu í umsjó Borðtennisdeildar KR Magnús K. Magnússon úr Víkingi og Guðrún G Björnsdóttir úr KR vörðu Íslandsmeistaratitla sína í meistaraflokki á Íslandsmótinu í borðtennis, sem fram fór í KR-heimilinu um helgina.

Daði Freyr Guðmundsson og Magnús K. Magnússon úr Víkingi urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik karla
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK og Sigrún Ebba Urbancic Tómasdóttir, KR, urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna.
Kári Ármannson, KR og Berglind Ósk Sigurjónsdóttir, Víkingi sigruðu í 1. flokki.
Hlynur Sverrisson, Akri og Stella Karen Kristjánsdóttir, Víkingi sigruðu í 2. flokki.

Fyrri dagur Íslandsmótsins í borðtennis fór fram í KR-heimilinu í dag. Leikið var til úrslita í tvenndarkeppni og urðu Aldís Rún Lárusdóttir og Davíð Jónsson Íslandsmeistarar í fyrsta skipti. Þau sigruðu Magnús K. Magnússon og Eyrúnu Elíasdóttur úr Víkingi í úrslitaleik 3-1 (11-13, 13-11, 11-6, 11-8). Magnús varð Íslandsmeistari í fyrra með Lilju Rós Jóhannesdóttur og átti því titil að verja.

Í undanúrslitum sigruðu Davíð og Aldís Daða Frey Guðmundsson og Berglindi Ósk Sigurjónsdóttur úr Víkingi 3-1 en Magnús og Eyrún unnu systkinin Pétur Martein og Sigrúnu Ebbu Tómasarbörn úr KR 3-1.

## Flokkakeppni unglinga

Íslandsmótið í flokkakeppni unglinga í borðtennis 2015 fór fram í TBR- Íþróttahúsinu 7. febrúar 2015 og var í umsjón borðtennisdeildar Víkings. Keppendur komur frá félögunum Víkingi, KR , HK, BH.

*Í piltaflokki 15 ára og yngri voru úrslit eftirfarandi:*

1. HK/BH sameiginlegt lið.

*Í stúlknaflokki 15 ára og yngri voru úrslit eftirfarandi:*

1. KR A

*Í Drengjaflokki 16-18 ára voru úrslit eftirfarandi:*

1. Víkingur A

*Í Drengjaflokki 19-21 ára voru úrslit eftirfarandi:*

1. KR A

*Í stúlknaflokki 19-21 ára:*

1. Víkingur/KR sameiginlegt lið.

## Lokamót Grand Prix 2015

Lokamót Grand Prix mótaraðar 2015 fór fram í dag sunnudaginn 29. mars í TBR-Íþróttahúsinu við Gnoðarvog.
Keppt var í karla og kvennaflokkum þar sem 8 leikmenn léku í hvorum flokki.
Í undanúrslitum í karlaflokki sigraði Magnús K. Magnússon Víkingi Magnús Hjartarson Víkingi 4 - 1 (5-11, 11-1, 11-1, 11-5. 11-2).
Í hinum undanúrslitaleiknum sigraði Daði Freyr Guðmundsson Víkingi Kára Mímisson KR 4 - 3 í hörkuleik (8-11, 4-11, 11-6, 3-11, 11-7, 12-10 og 11-9).
Úrslitaleikinn í karlaflokki léku því félagarnir frá Víkingi Magnús K. Magnússon gegn Dað F. Guðmundssyni. Um hörku úrslitaleik var að ræða þar sem Magnús sigraði að lokum 4 - 3 (11 - 9, 11 - 13, 11- 4, 11 - 8, 9 - 11, 9 - 11 og 11 - 9).

Í undanúrslitum í kvennaflokki sigraði Guðrún G Björnsdóttir KR Kolfinnu Bjarnadóttir HK 4 - 2 (11-9, 11-8, 11 – 9, 7-11, 9-11 og 11- 8).
Í hinum undanúrslitaleiknum sigraði Aldís Rún Lárusdóttir KR Sigrún E. Tómasdóttur KR 4 - 1 (11-7, 12-10, 8-11, 11-9 og 13-11).
Í kvennaflokki léku því til úrslita Aldís Rún Lárusdóttir KR gegn Guðrúnu G Björnsdóttur KR. Leikar fóru þannig að Aldís sigraði 4 – 2 (11 - 9, 6-11, 11 - 7, 7 - 11, 11 - 8 og 11 - 8).

## Bikarkeppni félaga 2015

Bikarkeppni félaga í borðtennis fór fram í TBR-íþróttahúsinu sunnudaginn 19. apríl.

4 lið mættu til leiks, 2 frá KR og 2 frá Víking.

Lið Víkings A varð bikarmeistari í borðtennis í dag efttir að hafa sigrað B lið Víkings í úrslitaleik 4-0 Lið bikarmeistaranna er skipað þeim Eyrúnu Elíasdóttur, Magnúsi K. Magnússyni og Daða Freyr Guðmundssyni.

## Evrópumótið í Portúgal

Íslenska karlalandsliðið lék í gær í Evrópumótinu í liðakeppni. Liðið skipa Magnús K Magnússon, Davíð Jónsson og Daði Freyr Guðmundsson. Lék liðið við Azerbaidzjan og vann Azerbaidzjan 3-0. Einnig lék liðið við lið Jersey og vann Jersey 3-0. Í dag leikur liðið tvo leiki, við Wales og Möltu. Íslenska karlalandsliðið lék dag tvö tvo leiki á Evrópumótinu í Portúgal. Lék liðið við lið Wales og Möltu.

## Dómara námskeið

31. janúar og 1. Febrúar 2016 var svo haldið alþjóðlegt dómaranámskeið. Leiðbeinandinn var Paul Schiltz. Fín mæting var á námskeiðið en farið var yfir helstu reglur sem gilda á stórmótum og var námskeiðið undirbúningur fyrir Smáþjóðleikana sem haldnir voru á íslandi sumarið 2016. Eftir námskeiðið var lagt fyrir nokkra dómara dómarapróf sem aðeins einn dómari náði. Hannes Guðrúnarson bættist í hóp alþjóðlegradómara í september 2106.

## Borðtennisfólk 2014

Í desember 2014 var tilkynnt niðurstaða úr kosningu um borðtennismann og borðtenniskonu ársins. Voru þau Magnús K Magnússon og Kolfinna Bjarnadóttir kosin.